GYÐA LÓA ÓLAFSDÓTTIR

*Á uppskrift að gómsætri Oreo-ostaköku*

• matur • tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



FÖSTUDAGUR

*Hjónin Nana og Dísa kynntust í hljómsveit*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



OPNUNARHÁTÍÐ Á SMÁRATORGI Á LAUGARDAGINN

A4 Skrifstofa og skóli


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júlí 2009 — 174. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


# Lán vegna Icesave eru á hagstæðustu kjörunum

**Lánakjör sem Bretar og Hollendingar bjóða Íslendingum vegna Icesave eru hagstæðari en á öðrum lánum sem Íslendingar hafa tekið frá bankahruninu. Þau eru á betri kjörum en aðstoð frá Parísarklúbbnum.**

**EFNAHAGSMÁL** Lán frá Bretlandi og Hollandi vegna Icesave eru á hagstæðari kjörum en lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og lán frá vinaþjóðum Íslendinga, þar með talið Norðurlöndunum. Þetta kemur fram í minnisblaði Seðlabankans sem unnið er að beiðni fjárlaganefndar og verður lagt fyrir hana í dag.

Lánið frá vinaþjóðunum nemur tæpum 1,8 milljörðum evra. Lánstíminn er tólf ár og þar af eru fimm fyrstu án afborgana. Grunnvextir eru breytilegir libor-vextir, en álag ofan á þá nemur 275 punktum. Samkvæmt útreikningum Seðlabankans jafngilda vextirnir 6,57 prósenta föstum vöxtum í sjö ár.

Hið sama gildir um lán AGS, sem nema um 850 milljónum Bandaríkjadala. Lánstíminn er sjö ár, þar af eru fyrstu þrjú án afborgana. Fljótandi vextir eru á láninu sem ber 275 punkta álag. Samkvæmt Seðlabankanum eru umreiknaðir fastir vextir á svipuðum slóðum og á láni AGS; 6,57 prósent.

Bretar og Hollendingar hafa boðið Íslendingum 640 milljarða króna lán vegna Icesave. Þó verður að geta þess að sú tala getur breyst miðað við endurheimtur á eignum Landsbankans ytra. Lánstíminn er 15 ár og þar af eru fyrstu sjö í skjóli, án afborgana.

Lánið bera 4,29 prósenta grunnvexti, svokallaða Cirr-vexti, og ofan á það leggst 125 punkta álag. Samtals vaxtaálag er því 5,55 prósent, umtalsvert lægra en á hinum lánunum. Í minnisblaðinu kemur fram að frá því að samningurinn var undirritaður hafi Cirr-vextir hækkað um 25 punkta, eru nú í 4,54 prósentum. Þá sé það mat Seðlabanka Evrópu að langtímavextir muni hækka hratt vegna mikillar útgáfu á ríkisskuldabréfum.

Þau lánakjör sem Parísarklúbburinn svokallaði, en til hans geta gjaldþrota ríki leitað, býður upp á, eru einnig verri en lánakjör á Icesave-lánum, að mati bankans. Helgast það af því að punktaálagið þar er 150, en ekki 125 eins og í því láni.

Fjárlaganefnd ræðir minnisblaðið á fundi sínum í dag. Þingfundir falla niður alla næstu viku til þess að unnt sé að ræða málið frekar í nefndum og ná um það samstöðu. Stefnt er að því að málið verði síðan tekið til annarrar umræðu eftir verslunarmannahelgi.

- kóp



**UNDIRBÚNINGUR FYRIR HEIMSMEISTARAMÓT** Dýralæknarnir Björgvin Þórisson og dr. Susan Braun skoða Ester frá Hólum ásamt knapanum Sigursteini Sumarliðasyni. Heimsmeistaramót íslenska hestsins fer fram í Sviss dagana 3. til 9. ágúst næstkomandi. Landslið Íslands sem heldur á mótið er skipað nítján einstaklingum, þar af eru fjórir núverandi heimsmeistarar sem freista þess að verja titla sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skjaldbakan Einmana-Georg:

## 100 ára og loks að verða pabbi

**GALAPAGOS** Í tæp hundrað ár hefur skjaldbakan Einmana-Georg, eða Lonesome George, lítinn áhuga haft á samkvæmislífi, hvað þá föðurhlutverkinu. Hafa vísindamenn haft nokkrar áhyggjur af þessu enda Einmana-Georg af afar sjaldgæfri risaskjaldbökutegund og raunar talinn síðasta skjaldbaka sinnar tegundar í heiminum.

Dýragarðsverðir í Galapagos-þjóðgarðinum, þar sem hin tíræða skjaldbaka heldur til, urðu því ákaflega glaðir á dögunum þegar í ljós kom að karlinn hafði gert sér dælt við kvenkyns skjaldböku í garðinum, sem nú hefur verpt fjórum eggjum.

Óljóst er á þessari stundu hvort varpið heppnist en ef svo fer mun Einmana-Georg eignast sín fyrstu afkvæmi í nóvember á þessu ári og mun þá hin aldna skjaldbaka fá nægan félagsskap.

- bþa

Tveir menn um tvítugt í gæsluvarðhaldi grunaðir um falsanir, blekkingar og svik:

## Grunaðir um tugmilljónasvik

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn um tvítugt voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald grunaðir um stórfelld fjársvik og skjalafals. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nema svikin minnst 50 milljónum króna.

Tvímenningarnir eru taldir hafa blekkt Fyrirtækjaskrá með því að hafa, með fölsuðum skjölum, tekið yfir hlutafélög og skipt út stjórnum þeirra og prókúruhöfum, og síðan haft af félögunum fé.

Þá hafi þeir jafnframt blekkt Íbúðalánasjóð með því að selja eignir í eigu félaganna til einstaklinga sem ekki eru til og tekið há lán fyrir kaupunum sem þeir síðan stungu undan.

Svikin áttu sér stað á síðustu vikum og mennirnir voru síðan handteknir á miðvikudag. Minnst tveir aðrir menn á sama reki munu vera viðriðnir málið.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir starfsmenn sína ekki hafa orðið vara við neitt grunsamlegt þegar sjóðurinn var blekktur.

- sh / sjá síðu 4

## FÖSTUDAGUR



**Stend á öxlum risa**

Örn Úlfar Sævarsson er nýtt andlit í stétt dómara í Gettu betur.

FÓLK 34

**Réttindi og réttar greiðslur lífeyris**

„Brýnt er að nota góðæri til umbóta en það er enn brýnna að huga að nýjum leiðum til að styrkja velferðarkerfið, þegar á móti blæs“, skrifar Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Í DAG 16



**Vestmannaeyjar einstakar**

Guðjón Ármann Eyjólfsson skrifar Árbók Ferðafélags Íslands 2009.

TÍMAMÓT 20



**Evrópudeild UEFA**

KR komst áfram eftir jafntefli í Grikklandi en Fram tapaði og sat eftir.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA NYRÐRA** Í dag verður norðan strekkingur vestan til, annars hæg breytileg átt. Bjart með köflum syðra en rigning eða skúrir á Vestfjörðum, norðan til og austan. Hiti 7-14 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Tempur – 15 ár á Íslandi



Frábær afmælistilboð í júlí

Betra BAK

Opið allan sólarhringinn

SUBWAY

Taktu bát með í fríið

N1 Ártúnshöfða • N1 Hringbraut

SPORTBÚÐIN

Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum

**SPURNING DAGSINS**



*Katrín, fá siðblindir engan afslátt?*

„Nei, þeir fá aukaálag.“

Öryrkjar, þar á meðal heyrnarskertir og lögblindir, þurfa að greiða fullan nefskatt fyrir RÚV. Áður fengu þeir afslátt. Katrín Jakobsdóttir er menntamálaráðherra.

Hækkandi meðalaldur í Kína veldur áherslubreytingum:

# Kínversk pör hvött til barneigna

**KÍNA, AP** Pör á barneignaraldri, búsett í Sjanghæ í Kína, hafa undanfarið fengið fulltrúa frá borgaryfirvöldum í heimsókn. Erindið hefur verið að hvetja fólk til að eignast tvö börn frekar en eitt, þrátt fyrir þá opinberu en umdeildu stefnu að pör megi aðeins eignast eitt barn.

Tilefnið er ört hækkandi meðalaldur borgarbúa, sem veldur því að brátt þarf fleira yngra fólk til að standa undir lífeyrisgreiðslum til aldraðra og öðrum kostnaði sem fylgir hinni breyttu aldursdreifingu.

Á vefsíðu borgaryfirvalda er hins vegar skýrt tekið fram að þessi herferð, sem nú stendur yfir, feli ekki í sér neina breytingu á hinni almennu reglu, að hvert par megi aðeins eignast eitt barn.



**BARN Í SJANGHÆ** Borgaryfirvöld segja hina umdeildu einbirnisstefnu enn í fullu gildi, en vilja vekja athygli á undanþágum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðeins sé verið að upplýsa fólk um þær fjölmörgu undantekningar, sem þegar eru fyrir hendi.

Þessar undantekningar ná meðal annars til fólks, sem tilheyrir einhverjum þeim fjölmörgu þjóðum og þjóðabrotum sem eru í minnihluta í Kína. Einnig eru undantekningar fyrir pör í sveitum landsins og fráskilið fólk, sem hefur gifst aftur. Enn fremur mega tveir einstaklingar, sem báðir eru einkabarn foreldra sinna, eignast fleiri en eitt barn saman. Þá hafa fatlaðir einstaklingar, sem eiga erfitt með að sjá sér farborða, einnig fengið undanþágur frá þessari stefnu. - gb

Listaverk í eigu ríkisbankanna:

# Ríkið kaupir mikilvæg verk

**ALÞINGI Áformað er að ríkissjóður festi kaup á hluta þeirra listaverka sem eru í eigu Kaupþings og Íslandsbanka. Er þar einkum horft til verka sem teljast til þjóðargersema eða hafa mikilvægt listrænt gildi.**

**Álfheiður Ingadóttir, VG, spurði á Alþingi í gær Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra hvað liði þeim málum. Upplýsti Katrín að bráðabirgðamat á listaverkasöfnunum lægi fyrir og jafnframt að fjármálaráðherra hefði rætt við formenn skilanefnda bankanna tveggja um að ríkið keypti tiltekin verk.** - bþs

Fólk með flensueinkenni:

# Komi ekki á heilsugæsluna

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur beint þeim tilmælum til fólks með inflúensueinkenni að koma ekki á heilsugæslu heldur hringja í stofnunina. Þetta er gert af tillitssemi við þá sem leita á heilsugæsluna en eru ekki með einkenni inflúensu.



HARALDUR BRIEM

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að misjafnt sé hvernig staðið sé að málum á hverjum stað. „Við látum það í hendur manna á hverjum stað að skipuleggja þetta.“

Haraldur segir að mikill fjöldi sýna hafi borist á miðvikudag og verið sé að vinna úr þeim. Tilkynningar er að vænta í dag og má búast við að svínaflensutilfellum hafi fjölgað nokkuð. - þeb

Bandaríska leyniþjónustan:

# Sonur Bin Laden talinn af

**BANDARÍKIN, AP Ónafngreindur fulltrúi Bandarísku leyniþjónustunnar segist telja að Saad Bin Laden, sonur Osama, sé látinn.**

**Saad, sem var tæplega þrítugur, var ekki háttsettur í Al-Kaída. Hann var fyrst og fremst þekktur vegna ættartengsla sinna. Leyniþjónustumaðurinn ónafngreindi telur að Saad hafi látist í loftskeytaárás Bandaríkjahers í Pakistan fyrr á þessu ári. Hann gat ekki nefnt nákvæmlega hvenær eða hvar árásin var gerð.**

**Ekki er vitað hvort Osama hafi verið á svipuðum slóðum og loftskeytaárásin var gerð. Talið er að Osama sé í felum í fjöllunum við landamæri Pakistans og Afganistans.** - th

# Válisti um forsendur Icesave í farvatninu

**Íslensk stjórnvöld ætla að áskilja sér rétt til að taka upp Icesave-samningana ef greiðsluforsendur breytast. Breytur í hagkerfinu og slæmar heimtur af eigum Landsbankans verða tilteknar. Reynt er að ná þverpólitískri sátt um málið.**

**ALÞINGI** Stjórnarliðar gera sér enn vonir um að Alþingi samþykki ríkisábyrgð Icesave-samninganna á því þingi sem nú stendur. Ekkert verður þingað í næstu viku, heldur málið unnið í nefndum, til að reyna að ná þverpólitísku samkomulagi um málið. Þetta var ákveðið á fundum forseta Alþingis með formönnum og þingflokksformönnum í gærkvöldi.

Innan fjárlaganefndar og fjármálaráðuneytisins er unnið að því hörðum höndum að mæta þeim kröfum og ábendingum sem fram hafa komið, innan þings og utan, til að ná sem breiðastri sátt um málið.

Enn er það endurskoðunarákvæðið sem mest fer fyrir. Heimildir Fréttablaðsins herma að í frumvarpið verði sett krafa um að Íslendingar geti tekið samningana upp að nýju ef ástand efnahagsmála fer til verri vegar. Verið sé að teikna upp þær aðstæður sem krefjist þess að sest verði aftur að samningum.

Þar er meðal annars horft til endurheimtuhlutfalls af eignum Landsbankans; gera verði ráð fyrir að ef minna heimtist af þeim verði að semja að nýju. Þá eru tíundaðar mikilvægar breytur í hagkerfinu sem geta haft sömu áhrif. Ekki eru fastar tölur nefndar í þeim efnum, samkvæmt heimildum blaðsins, heldur horft til hluta sem saman geti haft breytingar til verri vegar.

Engin vissa er fyrir því að Hollendingar og Bretar sætti sig við fyrirvara Alþingis, en einn heimildarmanna blaðsins orðaði það þannig að gengið yrði eins langt og menn teldu óhætt og látið reyna á það.



**ÞUNGT HUGSI** Þingmenn hafa verið þungt hugsi síðustu daga enda mörg stórmálin borið á þeirra borð. Reiknað er með að frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave komi úr nefnd á mánudag og til annarrar umræðu í þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn er reynt að ná samstöðu um málið með stjórnarandstöðunni. Stjórnarliðar vonast enn til að einhverjir sjálfstæðismenn verði þeim sammála um að meiri hagsmunir liggi í að samþykkja samninginn til að liðka fyrir erlendum lántökum.

Það er hins vegar ekki eining í stjórnarliðinu sjálfu og þau Ögmundur Jónasson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Lilja Mósesdóttir hafa verið gagnrýnust á málið. Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að verði fyrirvararnir nógu sterkir í frumvarpinu muni einhver þeirra styðja það og heimildarmenn blaðsins voru bjartsýnir á að svo færi.

Frestun þingfunda bendir til þess að grundvöllur sé fyrir samkomulagi um málið þvert á flokka. Ljóst er þó að til þess að svo verði þurfa fyrirvararnir að vera afgerandi.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur stjórnarandstaðan boðað málþóf, en náist samstaða í nefndinni mun trauðla koma til þess. - kóp, bþs

Lögmaðurinn Ragnar Hall:

# Segir Ísland borga lögfræðikostnað Breta

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar þurfa að greiða tveggja milljarða lögfræðikostnað Breta vegna Icesave-málsins. Þetta fullyrti lögmaðurinn Ragnar H. Hall á málstofu um álitaefni varðandi Icesave-samkomulagið í Háskóla Íslands í gær.



RAGNAR HALL

Erindi Ragnars bar yfirskriftina „Ætlar íslenska ríkið að lögfesta víðtækari ábyrgð en því ber?“ og hvatti hann meðal annars til þess að sérstakir uppgjörssamningar, þar sem meðal annars er kveðið á um þennan lögfræðikostnað, yrðu gerðir opinberir. - sh

Enska biskupakirkjan:

# Óttast að kvöl fylgi kaleiknum

**ENGLAND Af ótta við svínaflensusmit hefur erkibiskupinn af Canterbury og York í Englandi farið þess á leit við allar kirkjur í landinu að messuvín verði ekki veitt kirkjugestum úr sama kaleiknum eða bikarnum.**

**Erkibiskupinn segist hafa gert þessa ráðstöfun að beiðni breskra heilbrigðisyfirvalda. Vilji kirkjugestir fara í altarisgöngu og neyta messuvíns verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir.**

**Á einni viku hefur fjöldi smitaðra Englendinga tvöfaldast.**

**Talið er að um hundrað þúsund séu smituð af svínaflensu og eru börn undir fjórtán ára aldri viðkvæmust fyrir smiti. Alls hafa 26 látist í Englandi af völdum svínaflensu.** - th




Önnur umræða um Icesave-málið fer fram eftir verslunarmannahelgi:

# Hlé á þingfundum vegna Icesave

**ALÞINGI** Búast má við að önnur umræða um Icesave-samkomulagið hefjist á Alþingi í fyrsta lagi á miðvikudeginum eftir verslunarmannahelgi. Þetta er mat Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, forseta Alþingis.

Samkomulag náðist um það á fundum með formönnum og þingflokksformönnum flokkanna í gærkvöldi að taka hlé frá þingfundum alla næstu viku og verja þeim dögum í umræðu þingnefnda um Icesave-málið. Meðal annars á að bíða álits frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á málinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á meðal annars að freista þess í vikunni að ná þverpólitískri samstöðu um málið.

Ásta Ragnheiður segir að samkomulag hafi náðst um að ljúka í dag þeim málum sem fyrir þinginu liggja, og að á þriðjudegi eftir verslunarmannahelgi verði síðan önnur mál afgreidd svo að á miðvikudeginum standi ekkert út af nema Icesave-málið.



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Óvíst er þó hversu langan tíma sú umræða mun taka, og hefur stjórnarandstaðan meðal annars boðað mögulegt málþóf. „Ef það gengur þokkalega að ræða það mál og klára það, þá geri ég ráð fyrir að það verði ekki septemberþing,“ segir Ásta Ragnheiður.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagðist á Alþingi í gær telja heppilegast að Icesave-málið hefði hlotið samþykkt þingsins fyrir frídag verslunarmanna hinn 3. ágúst, þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) skilar mati sínu á framfylgni efnahagsáætlunar hans og Íslands. Nú er ljóst að það mun ekki ganga eftir, enda kemur þing ekki saman eftir nefndarvinnuna fyrr en eftir þann dag.

Jóhanna sagði jafnframt að þingið ætti að fá þann tíma sem það þyrfti til verksins. Ekki lægi skýrt fyrir hvaða áhrif seinkun gæti haft á til dæmis samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, lánveitingar frá Norðurlöndunum og endurreisn bankanna; það yrði þá að koma í ljós. - sh, - bþs

# Tempur – 15 ár á Íslandi






15 YEAR ANNIVERSARY TEMPUR 15 YEAR ANNIVERSARY

## Afmælistilboð í júlí

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

**Stillanleg heilsurúm**

25-30% afsláttur



**Tempur heilsurúm**

25% afsláttur



**Tempur heilsukoddar**

30% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## GENGIÐ 23.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,26 | 126,86 |
| Sterlingspund | 208,09 | 209,11 |
| Evra | 179,31 | 180,31 |
| Dönsk króna | 24,082 | 24,222 |
| Norsk króna | 20,111 | 20,229 |
| Sænsk króna | 16,66 | 16,758 |
| Japanskt jen | 1,336 | 1,3438 |
| SDR | 196,61 | 197,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

232,2425

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra segir Svía kappsfulla í stuðningi við ESB-umsókn Íslands:

# Svíar styðja okkur heilshugar

**STJÓRNMÁL** „Það er engum blöðum um það að fletta að Svíar eru mjög kappsfullir í stuðningi við okkur og þeim kappsmál að undir forystu þeirra hefjist aðildarferli Íslands," segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Í gær afhenti hann Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, formlega umsókn Íslands um Evrópusambandsaðild. Að því búnu snæddu þeir hádegisverð ásamt fimm öðrum sænskum ráðherrum.

Aðildarumsóknin verður lögð fyrir fund utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna á mánudag. Þarf hún að hljóta náð fyrir augum allra ríkjanna 27 til að komast í hefðbundið, formlegt ferli innan sambandsins. Utanríkisráðherra Hollands hefur sagt að umsóknarferlið kunni að tefjast, veiti Alþingi ekki Icesave-samningnum brautargengi. Carl Bildt sagði í gær málin tvö óskyld. Össur metur þá yfirlýsingu mjög mikilvæga og segir Svía og aðrar nánar vinaþjóðir innan Evrópusambandsins róa að því öllum árum að koma í veg fyrir að upphaf aðildarferilsins verði torveldað. - bþs



**SÓTT UM** Utanríkisráðherrar Íslands og Svíþjóðar funduðu í Stokkhólmi í gærmorgun og snæddu saman hádegisverð. NORDICFOTOS/AFP

Langvinn deilumál:

# Ágreiningur um landaheiti

**MAKEDÓNÍA, AP Stækkunarstjóri Evrópusambandsins, Olli Rehn, segir að Makedóníu og Grikklandi gefist nú gott tækifæri á að leysa ágreining sem hefur staðið í átján ár allt frá því að Makedónía varð sjálfstætt ríki. Viðræður hófust á ný á milli landanna fyrr í mánuðinum.**

**Forsaga málsins er sú að landsvæði innan Grikklands ber einnig heitið Makedónía og óttast Grikkir að landið Makedónía reyni að eigna sér svæðið. Grikkir hafa hótað að hindra aðild Makedóníu að Evrópusambandinu breyti landið ekki um nafn.** - bþa



**BROSMÆLIR** Japanskt fyrirtæki gefur starfsmönnum einkunn fyrir brosmildi.

Nýstárlegur hugbúnaður:

# Japanskur brosmælir

**TOKYO, AP** Nú geta starfsmenn japanska samgöngufyrirtækisins Keihlin Express Railway kannað hvort bros þeirra er nægilega gott fyrir viðskiptavini fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur komið upp hugbúnaði í tölvum á fimmtán af 72 stöðvum þar sem bros starfsmanna er metið og því gefin einkunn.

Prófið er þó ekki nauðsynlegt og ætlað til að aðstoða starfsmenn við að undirbúa sig áður en þeir taka á móti farþegum. Markmiðið með kerfinu er að gleðja einhverja þeirra 250 þúsund farþega sem nota kerfið daglega. - bþa

Frambjóðandi í Kirgisistan:

# Dró framboð sitt til baka

**KIRGISISTAN, AP Almazbek Atambajev, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Kirgisistan, dró forsetaframboð sitt til baka í gær meðan kosningar stóðu yfir. Hann krafðist þess jafnframt að efnt verði til nýrra kosninga.**

**Hann sagði ekkert að marka kosningarnar í gær vegna víðtækrar atkvæðafölsunar og hótana í garð kjósenda.**

**Kurmanbek Bakijev hefur verið forseti landsins síðan 2005 og hafði lofað áframhaldandi stöðugleika í landinu. Kosningarnar hefðu getað fest í sessi lýðræðisþróun í landinu.** - gb

# Ungir menn sviku milljónatugi út úr Íbúðalánasjóði

**Tveir ungir menn sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um að hafa með stórfelldum blekkingum haft minnst 50 milljónir af hlutafélögum og Íbúðalánasjóði. „Virtist vera mjög eðlilegt," segir forstjóri Íbúðalánasjóðs.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn, fæddir 1989 og 1990, voru handteknir í fyrradag grunaðir um stórfelld fjársvik og skjalafals. Þeir voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gær, annar til 28. júlí og hinn til 30. júlí.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru mennirnir tveir taldir hafa svikið tugi milljóna út úr hlutafélögum og Íbúðalánasjóði með stórfelldum fölsunum.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

Þeir munu hafa tekið yfir hlutafélög með því að tilkynna um yfirtöku, breytta prókúruhafa og breytingar á stjórnum og þannig náð til sín fjármunum og öðrum verðmætum í eigu félaganna. Þessar tilkynningar voru falsaðar og þannig blekktu mennirnir Fyrirtækjaskrá, sem samþykkti beiðnir mannanna.

Þá eru þeir jafnframt taldir hafa falsað kaupsamninga að fasteignum í eigu þessara félaga, selt þær á tilbúnar kennitölur og jafnframt tekið lán fyrir kaupunum hjá Íbúðalánasjóði á þessar tilbúnu kennitölur. Því fé hafi þeir svo stungið undan.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur komist upp um svik sem nema ríflega 50 milljónum króna, og er talið að sú tala gæti hækkað. Mennirnir tveir eiga mismikinn þátt í meintum brotum. Þá herma heimildir blaðsins einnig að minnst tveir menn til viðbótar, á svipuðum aldri, séu grunaðir um að hafa átt þátt í svikunum og að búast megi við því að þeir verði handteknir á næstunni.

Einar Tryggvason, fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, staðfestir að piltarnir tveir hafi verið handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið og segir það á viðkvæmu stigi.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir sjóðnum hafa verið gerð grein fyrir því að mál af þessu tagi hafi verið kært til lögreglu. Hann þekki ekki til þess að öðru leyti en því að einhvers konar blekkingar hafi verið viðhafðar við sölu á íbúð og lántöku.

„Við uppgötvuðum ekki að þarna hefði verið misfarið með nokkuð því allt sem að okkur sneri virtist vera mjög eðlilegt," segir Guðmundur. Nú þurfi sjóðurinn að skoða til hvaða aðgerða hann þarf að grípa. „Við þurfum líklega að gera einhverjar kröfur á þá sem hafa náð út fjármunum, hvernig sem við gerum það," segir hann.

Jafnframt geti málið kallað á að starfsmenn sjóðsins skoði gögn betur en hingað til hefur verið gert.

Mennirnir hafa báðir kært gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar.

stigur@frettabladid.is



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Þótt tvímenningarnir séu ungir að árum virðist þeim hafa tekist að blekkja opinberar stofnanir með flóknum hætti og svíkja út stórfé. Rannsókn málsins er á forræði efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.


Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

## Aukafundur sjóðfélaga

**Aukafundur sjóðfélaga 2009**

Aukafundur LSK verður haldinn föstudaginn 7. ágúst nk. kl. 16 í bæjarstjórnarsal Kópavogs, Fannborg 2, 1. hæð.

**Dagskrá fundarins:**
**Tillaga að breytingum á samþykktum sjóðsins.**
**Kjör stjórnarmanna.**

Tillaga að breytingum á samþykktum sjóðsins hefur verið birt á heimasíðu LSK en tengill á hana er á www.kopavogur.is. Einnig má nálgast eintak af tillögunni á skrifstofu sjóðsins virka daga milli kl. 9 og 12.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, og fulltrúar launagreiðanda eiga rétt til setu á aukafundinum.

Kópavogi 21. júlí 2009
Elín Jónsdóttir,
umsjónarmaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

LSK - Fannborg 2 - 200 Kópavogur - S. 570 1500 - F. 570 1501


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BREYTILEIKI UM HELGINA**

Í dag verður skúraloft yfir norðurhelmingi landsins en syðra verður yfirleitt þurrt og bjart með köflum. Á morgun er hætt við smáskúrum á víð og dreif, einkum norðan og vestan til en nokkuð bjart eystra og köflótt syðra. Á sunnudag er að sjá vaxandi austanátt með rigningu sunnan og austan til, annars þurrt og nokkuð bjart.



**Á MORGUN** 8-13 m/s NV- og austan Vatnajökuls, annars hægari.

**SUNNUDAGUR** Austan 5-13 m/s, hvassast suðaustan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 34° |
| Amsterdam | 21° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 22° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 22° |
| New York | 26° |
| Orlando | 34° |
| Osló | 22° |
| París | 23° |
| Róm | 35° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# EXPLORE 2009

Íþróttataskan er fest á allan hringinn svo að pokinn sveiflast ekki til og frá þegar hlaupið eða hjólað er.

Endurskinsrendur eru bæði að framan og aftan.

SAMÞYKKT
Betri fyrir bakið

Axlarólar eru breiðar og bólstraðar og hægt er að stilla lengdina með einu handtaki.

Bak töskunnar er létt og sterkt og taskan liggur þétt að hryggnum og mjöðmum. Mjúkir púðar á snertiflötum hlífa bakinu.




Á hlið töskunnar er vasi fyrir drykkjarbrúsa.

Tvær töskur í einni og lyklakippa fylgir með.

## EXPLORE töskurnar eru til í mörgum tegundum og litum.











Allt fyrir skólann

**Office1 Superstore**

Skeifan 550-4110 , Kringlan 550-4130, Smáralind 550-4140, Korputorg 550-4135, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Blönduós 452-4599, Ísafjörður 550-4170

## KJÖRKASSINN



*Á að hækka bílprófsaldurinn í átján ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 75% |
| Nei | 25% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að blindir og heyrnarlausir eigi að greiða jafnháan skatt og aðrir til Ríkisútvarpsins?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Skilyrði um jákvætt eigið fé í skilmálum Ríkiskaupa var fellt út stuttu eftir útboð skólamáltíða í Garðabæ:

# Skrifaði undir daginn eftir kæruna

**STJÓRNSÝSLA** „Ég sé fram á að þetta sé tapað mál. Ég get ekki fengið þessum úrskurði hnekkt. Eina sem ég gæti fengið væru skaðabætur,“ segir Haukur Magnússon, eigandi Ávaxtabílsins.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að Ríkiskaup, fyrir hönd Garðabæjar, tók tilboði Sælkeraveislna ehf. í útboði skólamáltíða í grunnskólum bæjarins. Ávaxtabíllinn var með lægsta tilboðið en því var ekki tekið vegna þess að fyrirtækið var með neikvætt eigið fé.

„Um 80 prósent íslenskra fyrirtækja eru með neikvætt eigið fé. Fyrirtækið sem fékk þetta var stofnað í október 2008. Ég hefði alveg eins getað stofnað fyrirtæki í vor með 500 þúsund króna hlutafé og þannig sýnt fram á jákvætt eigið fé,“ segir Haukur.

Ávaxtabíllinn kærði ákvörðunina innan tíu daga, sem lögboðið er, til Kærunefndar útboðsmála. Kröfunni var hafnað þar sem fulltrúi Ríkiskaupa, sem kæran var send til á föstudegi, sagðist ekki hafa séð hana áður en hann skrifaði undir samning við Sælkeraveislur. Send var út tilkynning á laugardagsmorgninum að kominn væri á samningur við Sælkeraveislur. „Það er ljóst að viljandi er verið að taka eftir því að kæra sé komin í málinu,“ segir Haukur.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir bæinn hafa haldið sig við ráðleggingar frá Ríkiskaupum í einu og öllu. Guðrún Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum, segir að í staðlaðri útboðslýsingu í þessu útboði í vor hafi verið skilyrði um jákvæða eiginfjárstöðu. Stuttu síðar var ákveðið að taka þetta ákvæði út úr skilmálum Ríkiskaupa.

„Það kom hins vegar engin athugasemd frá bjóðendum varðandi þetta. Ef þeir hefðu gert athugasemd við þetta hefði það verið skoðað,“ segir Guðrún. - vsp



**SJÁLANDSSKÓLI** Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa samið við Sælkeraveisluna um skólamáltíðir fyrir grunnskóla bæjarins.



**BARIST VIÐ ELDINN** Eldarnir bárust einnig yfir landamærin til Andorra, þar sem þessi mynd er tekin. NORDICPHOTOS/AFP

Skógareldar á Spáni:

## Fimm slökkviliðsmenn látnir

**SPÁNN Fimm slökkviliðsmenn hafa látið lífið í baráttu við heiftarlega skógarelda á norðausturverðum Spáni. Fjórir þeirra létust á þriðjudag en sá fimmti í gær.**

**Skógareldarnir hafa geisað í nokkra daga, en virtust í rénun á þriðjudag þegar hvassviðri efldi þá til muna. Nokkur hundruð hermenn hafa verið sendir á vettvang til að aðstoða slökkviliðið.**

**Á annað þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Einnig hafa truflanir orðið á lestarsamgöngum.** - gb

Samningur um Helguvík:

## Samræmist lögum EFTA

**EFNAHAGSMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA greindi frá því í gær að fjárfestingarsamningur um álver í Helguvík samræmdist lögum sambandsins. Nauðsynlegt var að bera samninginn undir stofnunina þar sem um er að ræða ríkisstyrk sem er metinn á um 16,2 milljónir dala næstu 20 árin.

Stofnunin telur að aðstoðin samræmist reglum EFTA þar sem upphæðin er undir 70 milljónum evra sem er hámarksupphæð aðstoðar. Í aðstoðinni felast skattaívilnanir, ýmsir afslættir eða undanþágur frá gjöldum. - bþa

Víðtækur stuðningur á þingi:

## Frakkar setja umhverfislög

**PARÍS, AP Franska þingið hefur samþykkt lög sem setja ný viðmið í umhverfismálum. Jafnframt er stefnt að því að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.**

**Báðar deildir þingsins samþykktu lögin í gær með stuðningi íhaldsmanna og sósíalista, sem eru í stjórnarandstöðu. Græningjar og kommúnistar kusu gegn frumvarpinu, á þeirri forsendu að það gengi of skammt.**

**Lögin kveða á um að Frakkar skuli losa fjórfalt minni koltvísýring út í andrúmsloftið árið 2050 en þeir gera nú, og auka mjög notkun endurnýjanlegra orkugjafa.** - sh

# Fyrsta stóra fjárfestingin eftir hrunið

**Kanadískt orkufyrirtæki hefur keypt hlut í HS Orku af GGE á þrjá milljarða króna. Fyrirtækið vill stækka hlut sinn með kaupum af öðrum eigendum. Ákjósanlegur samstarfsaðili segir forstjóri GGE. Eignast ekki hlut í auðlindum.**

**VIÐSKIPTI** Kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy Corporation hefur keypt 10,8 prósenta hlut í HS Orku af Geysi Green Energy (GGE). Fyrirtækið hefur áhuga á að eignast mun stærri hlut í HS Orku.

Eftir kaupin, sem gengið var frá í gær, á GGE um 55 prósenta hlut í HS Orku. Auk Magma Energy eru aðrir hluthafar Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur, auk þess sem önnur sveitarfélög á Reykjanesi eiga lítinn hlut.

Kaupverðið er rúmir þrír milljarðar króna, en að auki áforma forsvarsmenn Magma Energy að leggja um tvo milljarða króna til viðbótar til fyrirtækisins í hlutafjáraukningu. Eftir þá hlutafjáraukningu fer hlutur GGE í 52 prósent og hlutur Magma Energy í 16 prósent.

„Þetta er fyrsta stóra fjárfestingin í íslensku atvinnulífi eftir hrun bankanna,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE.

„Við teljum að Magma Energy sé mjög ákjósanlegur samstarfsaðili,“ segir Ásgeir. Fyrirtækin hyggja á frekara samstarf bæði hérlendis og erlendis.

Magma Energy ætlar sér stærri hlut í HS Orku, og hafa forsvarsmenn fyrirtækisins lýst áhuga á að kaupa hlut Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar í fyrirtækinu. Jafnframt er þó ljóst að áform GGE ganga út á að fyrirtækið haldi meirihluta í HS Orku.

Ásgeir segir stöðu GGE fara batnandi, en neitar því ekki að vetrurinn hafi verið fyrirtækinu erfiður. Fyrirtækið hafi selt eignir, og í dag sé staðan sú að eignir séu meiri en skuldir.



**UPPSKIPTING** Með skiptingu Hitaveitu Suðurnesja í orku og veituhluta geta erlendir aðilar eignast hlut í orkuframleiðslunni án þes að auðlindir fylgi með í kaupunum, segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Með þessum samningi erum við að marka okkur stefnu inn í framtíðina og út úr kreppunni,“ segir Ásgeir. „Þessi viðskipti styrkja stöðu Geysis, og leyfa okkur að snúa vörn í sókn.“

HS Orka áformar um 50 milljarða króna fjárfestingar á næstu sjö árum, segir Ásgeir. Bæði verði farið í hlutafjáraukningu og lántökur vegna þeirra verkefna sem fram undan séu.

Við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja urðu til tvö sjálfstæð fyrirtæki. HS veitur annast dreifingu á rafmagni og heitu og köldu vatni. HS Orka annast orkuframleiðslu og raforkusölu.

Jarðvarmaauðlindirnar sem HS Orka nýtir eru í eigu Reykjanesbæjar, og leigir fyrirtækið aðgang að auðlindinni. Með kaupum á hlut í HS Orku verður því engin breytingar á eignarhaldi á auðlindum á Suðurnesjum.

brjann@frettabladid.is

Breytingar á eignarhaldi og stjórnarformennsku GGE við sölu á hlut í HS Orku:

# Ólafur Jóhann hverfur á braut

**VIÐSKIPTI** Ólafur Jóhann Ólafsson mun hætta sem stjórnarformaður Geysis Green Energy (GGE) og hverfa úr hluthafahópi fyrirtækisins í kjölfar kaupa kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy Corporation á 10,8 prósenta hlut GGE í HS Orku.

„Mér líður miklu betur með fyrirtækið við þessi kaflaskil, en tel eðlilegt að ég stígi til hliðar. Ég mun áfram verða fyrirtækinu innan handar ef þess er óskað,“ segir Ólafur Jóhann.

„Stjórnin hefur verið mjög samstiga, svo það verða engar stórar breytingar þótt ég stígi til hliðar.“

Spurður um ástæður þess að hann hætti afskiptum af fyrirtækinu á þessum tímapunkti segir Ólafur að verkefnið hafi tekið mikinn tíma, og hann sé raunar að draga sig út úr stjórnum ýmissa annarra fyrirtækja.

„Það hafa miklar breytingar orðið á síðastliðnu ári og fyrirtækið farið að snúa sér mjög að innanlandsmarkaði. Ég held að það sé heppilegra að menn sem eru hér á landi og staðaldri séu þar innstu koppar í búri,“ segir Ólafur.

„Ástæðan fyrir því að ég kom inn í þetta var áherslan á græna orku. Það er enn sama stóra málið og það var fyrir ári síðan að mannkynið finni sér hreinni orkugjafa en það reiðir sig á núna,“ segir Ólafur. Hann segir nauðsynlegt að fá meira fé til Íslands, og samningur um kaup Magma Energy á hlut í HS Orku sé skref í þá átt. - bj



**STAÐIÐ Í STRÖNGU** Ólafur Jóhann Ólafsson (til vinstri) hefur staðið í ströngu ásamt Ásgeiri Margeirssyni, forstjóra GGE, við að rétta stöðu fyrirtækisins í kjölfar bankahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Birgitta Jónsdóttir:

## Þingmenn verði kyrrsettir

**ALÞINGI** Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Borgarahreyfingarinnar, vill að þingmenn verði kyrrsettir á meðan atkvæði verða greidd um Icesave-málið.



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

Sagði hún á þingi í gær að ömurlegt hafi verið að horfa upp á forsætisráðherra taka þingmenn tali út undir vegg í atkvæðagreiðslum um ESB-tillöguna í síðustu viku.

Slíkt væri einelti og við því þyrfti að bregðast – hugsanlega með því að taka upp Olweusaráætlunina sem gefið hafi góða raun í grunnskólum. - bþs

Slökkvilið kallað í Esjuna:

## Eldur í gróðri í Esjuhlíðum

**LÖGREGLUMÁL Slökkviliðsmenn frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins börðust í gær við gróðureld í hlíðum Esjunnar.**

**Um hádegisbil í gær barst tilkynning um að eldur logaði í gróðri og fóru tveir slökkviliðsmenn á staðinn. Erfitt reyndist að ráða niðurlögum eldsins þar sem sífellt fundust nýjar glóðir. Slökkvistarfinu lauk um klukkan fjögur í gær. Ekki var hægt að segja til um eldsupptök.**

**Á miðvikudag barðist slökkviliðið við sams konar eld í Helgafelli.** - þeb



**LÖNDUN** Afli íslenskra skipa í júní jókst mikið frá því á sama tíma í fyrra.

127 þúsund tonn veidd í júní:

## Aflaaukning mikil milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra skipa í júní var 55 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra, metið á föstu verði. Það sem af er ári hefur aflinn aukist um rúm tíu prósent miðað við sama tímabil á síðasta ári.

Heildarafli í júní var 127.595 tonn en í júní 2008 var hann 61.028 tonn.

Botnfisksafli jókst um rúm tólf þúsund tonn milli ára og var 38 þúsund tonn. Uppsjávarafli var tæp 84 þúsund tonn og jókst um 54 þúsund tonn og flatfisksafli jókst um tæp 1.400 tonn og var 3.700 tonn. - þeb

# Gleðilegt sumar




**OREO MEÐ MJÓLKINNI**




**CAPRI-SONNE NÁTTÚRULEGT FJÖR**



**CAJ P GRÆJAR GRILLIÐ**




**MAARUD ÓMISSANDI Í FERÐALAGIÐ**




**HUNT´S FULLT AF FJÖRI**




**RITZ MEÐ OSTINUM**

## Nú er sumar í Fjarðarkaupum

Fylltu út þátttökuseðil þegar þú verslar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þátttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.

Ellingsen
Hjóla sprettur
ÓB ódýrt bensín

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hversu hár er nefskattur vegna Ríkisútvarpsins?*

**2** *Hver stendur fyrir endurreisn Kanaútvarpsins?*

**3** *Hvað heitir tékkneska liðið sem Fram mætti í gærkvöldi?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 34

Hundruð hafa verið handtekin í Íran á rúmum mánuði og ólgan heldur áfram:

# Mágur Mousavis handtekinn

**ÍRAN, AP** Shahpour Kazemi, mágur stjórnarandstöðuleiðtogans Mir Hossein Mousavi, hefur verið handtekinn í Íran. Zahra Rahnavard, sem er eiginkona Mousavis og systir Kazemis, skýrði frá þessu í gær.

Hún ráðlagði jafnframt stjórnvöldum að birta engar „nauðugar játningar“ frá honum eða öðrum, sem handteknir hafa verið í tengslum við mótmælin og óróleikann þar undanfarnar vikur.

Um fimm hundruð manns hafa verið handtekin eftir kosningarnar umdeildu, sem fóru fram 12. júní. Mousavi og stuðningsmenn hans hafa ekki trú á því að Mahmoud Ahmadinejad forseti hafi borið sigur úr býtum í þeim kosningum.

Rahnavard segir bróður sinn, Kazemi, engan áhuga hafa á stjórnmálum og ásakanir um að hann hafi efnt til óeirða og verið í tengslum við útlendinga séu óskiljanlegar.

Hin umdeildu kosningaúrslit hafa valdið sjaldséðum klofningi í valdastétt landsins. Æðsti leiðtoginn, Ali Khameini, hefur vísað á bug öllum efasemdum um kosningaúrslitin og lýst stuðningi við Ahmadinejad. Aðrir úr klerkastéttinni, meðal annars Akhbar Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti, hafa lýst stuðningi við Mousavi og krefjast þess að vafa um kosningaúrslitin verði eytt. **- gb**



**RAHIM MASHAI OG AHMADINEJAD** Mashai hætti snarlega við að verða varaforseti Ahmadinejads. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gjaldeyristekjur aukast:

# Álverð hækkar umtalsvert

**VIÐSKIPTI** Álverð hefur hækkað umtalsvert frá lokum fyrsta ársfjórðungs á þessu ári. Áltonnið kostar nú um 1.700 dali á mörkuðum í Bandaríkjunum. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að þessar fregnir séu jákvæðar fyrir viðskiptajöfnuð á Íslandi.

Jafnframt segir að um þessar mundir skili álútflutningur álíka miklum gjaldeyristekjum og útflutningur sjávarafurða. Nettó innflæði gjaldeyris vegna álframleiðslu sé þó minna en sjávarútvegsins þar sem hagnaður álfyrirtækjanna fari úr landi auk þess sem þau flytja inn umtalsvert af aðföngum. **- bþa**



**HEIMSÓKN TIL BRUSSEL** Milo Djukanovic ásamt Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Balkanskagi vill í ESB:

## Ólga ef löng töf verður á aðild

**BRUSSEL, AP Milo Djukanovic, forsætisráðherra Svartfjallalands, segir að ólga geti aukist á Balkanskaga á ný ef löng töf verður á því að ríkin þar fái aðild að Evrópusambandinu.**

**Öll Balkanskagaríkin hafa sótt um aðild, en í veginum eru misalvarlegar hindranir, einkum deilur við núverandi aðildarríki. Þessar deilur verða að leysast hið fyrsta, segir Djukanovic.**

**Til að mynda strandar aðild Makedóníu á nafnadeilu við Grikki og aðild Króatíu á landamæradeilu við Slóveníu.** **- gb**

Skotið á mótmæli í Jemen:

## Lögregla skaut tólf til bana

**JEMEN, AP** Öryggislögreglumenn í Jemen skutu tólf mótmælendur til bana í suðurhluta landsins í gær, fimmtudag, þegar þeir hófu skothríð á þúsundir mótmælenda sem hrópuðu slagorð gegn ríkisstjórninni. Tugir mótmælenda til viðbótar særðust, þar af nokkrir alvarlega.

Norður- og Suður-Jemen voru tvö aðskilin lönd þar til þau sameinuðust árið 1990. Fjórum árum síðar braust út mánaðarlöng borgarastyrjöld þegar syðri hlutinn reyndi að skilja sig frá hinu sameinaða ríki. Mótmæli fyrrverandi hermanna í Suður-Jemen hafa verið tíð síðan í ágúst 2007. **- sh**

# Umferðareftirliti lítið sinnt vegna fámennis hjá lögreglu

**Arinbjörn Snorrason segir orð dómsmálaráðherra mikil vonbrigði. Lögreglan er „nánast að verða útkallslögregla“, að hans sögn. Samhljómur er í allsherjarnefnd Alþingis um að koma til móts við lögregluna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég furða mig á orðum dómsmálaráðherra og þetta eru mikil vonbrigði. Við erum búin að biðla til ríkisstjórnarinnar í langan tíma um að koma til móts við okkur með því að draga niðurskurðinn til baka,“ segir Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, um orð Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra í Fréttablaðinu í gær.

Sagði Ragna að ekki kæmi til greina að sækja eftir aukafjárveitingu fyrir lögregluna. Skera á niður um 57,1 milljón króna og eru lögreglumenn ósáttir við niðurskurðinn.

„Glæpaheimurinn verður harðari á meðan verið er að skera niður. Hegningarlagabrotum fjölgar mikið og við erum færri til að vinna frumkvæðiseftirlit svo því er mjög lítið sinnt. Þetta er nánast að verða útkallslögregla,“ segir Arinbjörn.



**ARINBJÖRN SNORRASON**

Hegningarlagabrotum hefur fjölgað mikið á þessu ári. Til dæmis hefur innbrotum fjölgað um 78 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við árið í fyrra. Upplýstum brotum vegna frumkvæðiseftirlits lögreglu, eins og umferðarlagabrotum, fækkar hins vegar töluvert.

Arinbjörn segir afskipti, til dæmis af ölvunarakstri, töluvert færri nú en áður þar sem lögreglan hafi ekki bolmagn til þess að sinna þeirri skyldu. Síðan eru laun lögreglunnar það lág nú þegar, að mati Arinbjarnar, að yngra fólk úr stéttinni leitar annað.

„Við erum að heyra það núna að launin séu það lág hjá þeim sem koma ný inn í þetta að þau hugi að námi í haust og það sé alveg eins gott að vera á námslánum,“ segir Arinbjörn.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir að hugsa þurfi skipan lögreglumála á nýtt. Lagði hún til á fundi nefndarinnar í gær að dómsmálaráðherra og fulltrúar frá lögreglunni yrðu fengnir á fund á næstunni.

„Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það þurfi að efla lögregluna og hugsa skipan hennar upp á nýtt,“ segir Steinunn en hún sagði á þingi í gær að taka þyrfti þessi mál alvarlega. Atli Gíslason, þingmaður VG, og Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem báðir eru fulltrúar í allsherjarnefnd, tóku undir með Steinunni Valdísi. **vidir@frettabladid.is**



**UMFERÐ** Frumkvæðiseftirliti lögreglu, sem meðal annars felst í umferðareftirliti, er mjög lítið sinnt, að sögn formanns Lögreglufélags Reykjavíkur. Ástæðan er sú að alvarlegri brotum fjölgar á meðan starfsmannafjöldi helst sá sami. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ÆTTU ERFITT MEÐ AÐRA BYLTINGU

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir orð dómsmálaráðherra stórundarleg í ljósi aðstæðna.

„Þessi ummæli eru með ólíkindum. Maður hefði haldið að hún léti á það reyna í ríkisstjórninni að sækja um aukið fjármagn,“ segir Snorri. Honum líst hins vegar vel á að allsherjarnefnd taki málið til athugunar og vonast til að fá tækifæri til að koma á fund nefndarinnar.

Snorri segir, líkt og Arinbjörn, að lítill tími sé fyrir frumkvæðiseftirlit, eins og umferðareftirlit. „Hegningarlagabrot hafa augljóslega forgang og það sem er eftir af þeim tíma, sem er ákaflega takmarkaður, fer í eftirlit,“ segir Snorri.

Aðspurður segist Snorri biðja til almættisins að ekki verði önnur búsáhaldabyltingin vegna mannfæðar. Það myndi reyna mjög á úthald lögreglumanna því þeir séu gríðarlega þreyttir á þessu svakalega álagi.

„Svo má rifja upp það að þegar menn sáu fram á kreppu í Bretlandi þá jók Margaret Thatcher mikið fjárveitingar til lögreglunnar af því margar skýrslur sýna fram á að glæpum fjölgar mikið í kreppum,“ segir Snorri.


**Travel John ferðaklósett leysa málið**



*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.*

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

TravelJohn


Vínveitingaleyfum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað frá 2001:

# Aðeins 158 gild leyfi í Reykjavík

**STJÓRNSÝSLA** Gild vínveitingaleyfi í Reykjavík 1. júlí voru aðeins 158. Þannig eru 49 staðir með leyfi þar sem leyfilegt er að veita áfengi til klukkan 23 á kvöldin. Þá eru 109 staðir með leyfi þar sem leyfilegt er að veita áfengi lengur en til 23.

Inn í þessar tölur eru ekki talin bráðabirgðaleyfi, því að ekki fengust upplýsingar frá lögreglunni um fjölda þeirra. Hellingur er af bráðabirgðaleyfum sem enn eru í vinnslu, að sögn Heiðu Gestsdóttur, yfirmanns almennrar afgreiðslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hinn 1. júlí 2007 tóku gildi ný lög þar sem veitingastöðum var gert skylt að endurnýja leyfið sitt fyrir 1. júlí 2009. Einhver hluti staða á eftir að endurnýja leyfið sitt.

Í lok ársins 2001 voru skráð 176 leyfi. Inn í þessar tölur teljast öll leyfi, hvort sem þau eru í gildi, til bráðabirgða eða útrunnin. Leyfum hefur fjölgað ört síðan þá. **- vsp**




*Tekin eru með öll vínveitingaleyfi í tölurnar frá 2001-2008, hvort sem þau eru gild eða ekki

**Eingöngu gild vínveitingaleyfi tekin inn í töluna

# Verslaðu ódýrt!




ÓDÝRT

HREFNUSTEIK
**1.498** kr/kg



LAMBALÆRI Í POKA, FROSIÐ
**989** kr/kg
~~1.498~~ kr/kg
GOÐI
34% afsláttur



40% afsláttur
GOÐI

GRÍSAKÓTILETTUR, KRYDDAÐAR
**1.199** kr/kg
~~1.998~~ kr/kg




30% afsláttur
KJÖTSEL

GRILL GRÍSAFILLE
**1.469** kr/kg
~~2.098~~ kr/kg



HAMBORGARAR 2x175g
**398** kr/pk.
~~568~~ kr/pk.
30% afsláttur



30% afsláttur

MEXÍKÓ KJÚKLINGALEGGIR
**489** kr/kg
~~699~~ kr/kg



KÍNAKÁL
**199** kr/kg
~~398~~ kr/kg
50% afsláttur




26% afsláttur

ÓDÝRT

HYTOP SYKURPÚÐAR 283g
**198** kr/pk.
~~268~~ kr/pk.




SUNLOLLY 10 í pk.
**399** kr/pk.







PEPSI MAX 2l
**119** kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 23. - 26. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto
SPARNAÐUR



**DANSAÐ Í VATNI** Áhorfendur í Vöðvaleikhúsinu svonefnda í Tókíóborg fá næstu vikurnar að sjá þessa flamengódansara leika listir sínar á kafi í vatni. Atriðið er partur af nýstárlegum söngleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## EVRÓPUSAMBANDIÐ OG VERÐBÓLGA

### Verðbólga í Evrópu

Spáð er að verðhjöðnun verði á evrusvæðinu um 0,1 prósent á þessu ári. Árleg verðbólga í öllum löndum ESB er hins vegar um 0,6 prósent. Mesta verðhjöðnunin er talin verða á Írlandi, eða um 3,5 prósent.
Á Íslandi var verðbólgan árið 2008 um 12,4 prósent. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir 9,9 prósent verðbólgu í ár.
Eitt af skilyrðunum til að taka upp evru er að verðbólga sé ekki meira en 1,5 prósent meiri en í þeim þremur ESB löndum sem hafa minnsta verðbólgu. Verðbólga á Íslandi þyrfti því að vera um 0 prósent, miðað við spár, til að við myndum ná því.
Á grafinu má sjá hvernig verðbólga var í ESB löndum árið 2008 og spáin fyrir 2009. - vsp




Slökkvilið símalaust í viku:

## Nær sambandi úti á hlaðinu

**SLÖKKVILIÐ** Varaslökkviliðsstjóri Reykhólahrepps, Bjarki Stefán Jónsson, hefur verið símasambandslaus í heila viku vegna bilunar hjá Símanum. Bjarki býr á Gróustöðum í Gilsfirði og mjög takmarkað farsímasamband er á staðnum. Einungis er hægt að nota farsíma á ákveðnum stað úti á hlaði. Þetta kemur fram á síðu Reykhólahrepps, reykholar.is.

Slökkviliðsstjórinn sjálfur hefur verið í sumarfríi og erfitt er því að ná í slökkviliðið.

Á vefsíðunni segir að varla sé hægt að ætlast til þess að Bjarki sé á vakt nótt og dag á ákveðnum bletti úti á hlaði eða hangandi í tilteknum glugga í þeirri von að farsímasamband væri þá stundina sem útkall bærist. - vsp

**Neytendur:** Spurningaspil í Eymundsson

## *Okrað á spilum*



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



**SPURT AÐ LEIKSLOKUM** Mun ódýrara en sams konar erlent spil.

Sigrún getur ekki orða bundist: „Ég og mín fjölskylda vorum á leiðinni upp í sumarbústað að hafa það náðugt,“ skrifar hún. „Við komum við í bókabúð (Eymundsson) til að kaupa spil til að hafa með okkur. Mín elsta var spennt fyrir „Trivial Pursuit – stelpur á móti strákum“. Ég ætlaði að láta það eftir henni en mig rak í rogastans þegar ég sá verðið – 6.995 krónur, takk fyrir, fyrir 100 spurningaspjöld (sem eru þá líklega 600 spurningar) og tvo teninga. Í sömu hillu var annað spurningaspil, Spurt að leikslokum. Það kostaði 3.990 krónur og er með nýjum spurningum og þær eru 1.620 samtals. Við keyptum það og vorum flest mjög ánægð með það. Ef hægt er að selja svona svipað spil á þessu verði, hvernig getur þá staðið á því að Trivial Pursuit spilið er svona miklu dýrara?“
Verð ræðst af framboði og eftirspurn og okur er ekkert náttúrulögmál. Ef enginn keypti hlutina á okurverði yrði að lækka verðið. Sem sagt: Ef þú lætur ekki okra á þér verður ekki okrað á þér!



**BIDEN Í GEORGÍU** Við komuna til Tíblisi bauð Saakashvili forseti Biden upp í glerhvelfinguna efst í forsetabústaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segir hervald tilgangslaust

**Biden fullvissar Georgíumenn um að bætt samskipti Bandaríkjanna við Rússa muni ekki bitna á þeim. Clinton fær háðsglósur frá Norður-Kóreu.**

**GEORGÍA, AP** Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, ráðleggur Georgíustjórn eindregið að reyna ekki að fara með hervaldi gegn Rússum til að endurheimta héruðin Suður-Ossetíu og Abkasíu.

„Það er dapurleg staðreynd, en satt engu að síður, að engin hernaðarleið er opin til endursameiningar,“ sagði Biden í heimsókn sinni til Georgíu í gær. Eina leiðin væri að bjóða upp á friðvænlegt og blómstrandi mannlíf í Georgíu.

Hins vegar bætti hann því við að Bandaríkin myndu styðja Georgíu til að endurheimta héröðin, svo fremi sem frelsi og lýðræði verði í hávegum haft í Georgíu.

Biden hefur verið á ferðalagi um fyrrverandi Sovétlýðveldi nú í vikunni, hélt fyrst til Úkraínu og síðan til Georgíu. Í báðum löndunum hafði hann sama boðskap að færa: Bandaríkin muni veita þessum löndum fullan stuðning gagnvart hugsanlegri afskiptasemi Rússlands.

Í Georgíu tók hann fram í gær, að þótt Bandaríkin séu núna að reyna að bæta samskiptin við Rússland, þá muni það ekki bitna á samskiptum Bandaríkjanna og Georgíu.

Meðan Biden ferðast um Kákasuslöndin hefur Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, verið á ferðalagi í Asíu, þar sem hún hefur meðal annars gagnrýnt bæði Búrma og Norður-Kóreu.




**CLINTON Í TAÍLANDI** Norður-Kórea svarar gagnrýni hennar með háðsglósum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í gær var hún í Taílandi og sagði að Norður-Kóreustjórn ætti enga vini lengur, sem styddu kjarnorkuáform hennar.

Frá utanríkisráðuneyti Norður-Kóreu bárust hins vegar eins konar svör, þar sem gert var lítið úr Clinton og henni sendar háðsglósur. Hún var sögð „skrýtin kona“ sem ýmist lítur út eins og grunnskólastelpa eða gömul kona í verslunarferð.

Ri Hung Sik, talsmaður samninganefndar Norður-Kóreu, sagði enn fremur stefnu Bandaríkjanna gagnvart Norður-Kóreu einkennast af djúpstæðu hatri. „Sex ríkja viðræðunum er lokið,“ sagði hann, og fullyrti að Norður-Kórea muni ekki taka þátt í frekari viðræðum um kjarnorkumál sín við Bandaríkin, Kína, Rússland, Japan og Suður-Kóreu.

gudsteinn@frettabladid.is

Fiskikóngurinn
GLÆNÝ LAXAFLÖK
1.590, KR.KG
GLÆNÝR SKÖTUSELUR
1.990, KR.KG
HUMAR (2.KG Í ÖSKJU) 2.000, KR.KG
ÓBARINN HARÐFISKUR FRÁ ÍSAFIRÐI
HUMARSÚPAN VINSÆLA KOMIN AFTUR
SJÁUMST Í SUMARSKAPI Á EFTIR.
MUNIÐ TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# H-SPENNA

## góð raftæki á lægra verði

í sumarbústaðinn og ferðalagið

**NÝTT**

**Í HÚSASMIÐJUNNI**

SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI, REYKJANESBÆ, SELFOSSI, BORGARNESI, AKUREYRI.

GERÐU FRÁBÆR KAUP




**Airis ferðaspilari**
Fjölkerfa DVD spilari, silfur.
7" LCD skjár. Spilar DIVX, DVD-R, VCD 2.0, SVCD, JPEG, Picture-CD, CD-DA, CD-R, CD-RW, MP3, HDCD.
AV út og heyrnatólstengi.
Spennubreytir, taska og bílhleðslutæki fylgir.
1802585

**19.995**



**Media-Tech heyrnatól**
Einföld og þægileg heyrnatól, gefa góðan hljóm.
1802589

**2.495**



**Media-Tech heyrnatól**
Þægilegir heyrnatólatappar frá Media-Tech.
1802590

**1.995**





**Knopex FM útvarp**
AM/FM, viðarlitur.
Heyrnatólstengi.
1802586

**4.995**





**MB Veðurstöð**
Klukka, vekjari, dagatal.
Inni hitamælir, rakamælir.
1802588

**995**

**Talstöðvasett, Motorola T3**
LCD skjár, 10 mismunandi kalltónar,
8 stöðvar. Draga 4 km við bestu skilyrði.
Nota 3 AA rafhlöður og duga allt að 20 tíma.
1802587

**5.995**




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

„ORÐRÉTT“

*Auðvitað*

**„Fjölgun brota er auðvitað áhyggjuefni.“**

RAGNA ÁRNADÓTTIR DÓMSMÁLARÁÐHERRA ÆTLAR SAMT EKKI AÐ VEITA AUKNU FJÁRMAGNI TIL LÖGGÆSLUNNAR.

Fréttablaðið 23. júlí

*Mikið að gera*

**„Það er alveg „non-stop“.“**

JÓN GERALD SULLENBERGER SEGIR UMSÓKNUM UM STÖRF Í LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN SINNI RIGNA INN.

Fréttablaðið 23. júlí

tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** FANNEY BIRNA JÓNSDÓTTIR, FORMAÐUR HEIMDALLAR

# *Fjörugt í stjórnmálum og skóla*



„Það er helst að frétta að ríkisstjórnin er vonandi ekki að fara að binda þjóðina í skuldaklafa næstu áratugina,“ segir Fanney Birna Jónsdóttir, laganemi og formaður Heimdallar. Hún og stjórn hennar í Heimdalli ályktuðu fyrr í vikunni um Icesave og ætla að mæta á mótmæli sem eru fyrirhuguð á Austurvelli í dag.

„Ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta og mótmæla vegna þessa stærsta hagsmunamáls þjóðarinnar í seinni tíð.“

„Pólitíkin er aðeins fjörugri þetta sumarið en undanfarin sumur. Þó að það sé erfitt er það líka gaman. Það er alltaf nóg að gera í þessu.“

Fanney hefur þó meira fyrir stafni en stjórnmálin. „Ég er í sumarskólanum í meistaranámi í lögfræði, að vinna upp gamlar syndir eftir kosningaönnina síðustu, þar sem það fórst eitthvað aðeins fyrir að sinna náminu. Svo er ég að vinna hjá Credit Info Group, á Fjölmiðlavaktinni.

„Næst hjá Heimdalli stendur til að fara að skipta okkur af drögum að frumvarpi að nýjum umferðarlögum þar sem ungu fólki er mismunað frekar heiftarlega. Við erum ekkert ofboðslega hrifin af því. Við erum ósátt við nokkra hluti, og þó að það sé sjálfsagt að uppfæra umferðarlögin þá er mismunun gegn ungu fólki eitthvað sem við erum ekki tilbúin til að sætta okkur við.“



## ELSTA KIRKJAN

### DÓMKIRKJAN Á HÓLUM

Elsta kirkja landsins telst vera dómkirkjan á Hólum, en hún var byggð á árunum 1757 til 1763. Reyndar var kirkjan í Gröf á Höfðaströnd reist rúmri öld fyrr. Hún var hins vegar notuð sem skemma í langan tíma, þangað til hún var endurbyggð og endurvígð árið 1953. Síðan þá er lítið upprunalegt eftir í henni annað en formið.

Næstar á eftir dómkirkjunni á Hólum eru það Bessastaðakirkja, Viðeyjarkirkja og Landakirkja í Vestmannaeyjum sem eru elstar.

## SJÓNARHÓLL

**NIÐURSKURÐUR HJÁ LÖGREGLUNNI**

# *Frekar ætti að handrukka Björgólfsfeðga*



„Nei, þetta er ekki rétta leiðin. Í kjölfar efnahagshruns og kreppu á sér stað siðrof í þjóðfélaginu, þar sem útreiknanlegum gjörðum fólks fjölgar, svo sem að rústa húsið sitt eða klessubílakeyra lögreglu og slökkvilið. Samfélagið verður ofbeldisfyllra og óreiðukenndara,“ segir Emil Hjörvar Petersen, bókmenntafræðingur og skáld, aðspurður um skoðun sína á væntanlegum niðurskurði lögreglunnar um 57,1 milljón.

„Glæpum hefur fjölgað, stórum sem smáum, og það ástand mun vara. Það er því vita fráleitt að skera niður hjá lögreglunni núna. Frekar ætti að kjöldraga mennina sem komu okkur í þrot, hengja þá upp á löppunum og hrista peningana úr vösum þeirra. Að skera niður 57,1 milljón hjá lögreglunni? Að handrukka Björgólfsfeðga gæti gefið okkur margfalt meira, brauðfætt margar fjölskyldur sem eiga nú í erfiðleikum, og þar eru meðtaldar fjölskyldur lögreglumanna,“ segir Emil.

# Kemur til Íslands til að upplifa sumarið og finna gróðurlyktina

**Rétt fyrir utan miðbæ Nuuk í Grænlandi vinnur hópur frá Ístaki við að byggja skóla. Á næstunni verður einnig hafist handa við byggingu leikskóla, en aðstæður á Grænlandi eru ólíkar þeim íslensku.**

„Við erum að byggja skóla rétt fyrir utan Nuuk, um sex til sjö kílómetra frá miðbænum,“ segir Theodór Sólonsson, verkstjóri á staðnum. Skólinn sem um ræðir verður um 6500 fermetrar og nú er verið að vinna í því að steypa sökkla og fleira að sögn Theodórs. „Skólinn verður að mestu úr límtré sem kemur frá Íslandi, eins og holplöturnar.“

Áætlað er að lokið verði við smíði skólans árið 2011. „Stefnan hjá okkur er að reyna að steypa og loka húsinu fyrir veturinn. Svo erum við að fara að byggja 600 fermetra leikskóla hér á sömu slóðum.“ Það eru tæplega þrjátíu manns sem starfa við verkefnið, bæði Íslendingar og Grænlendingar. Það eru þó ekki einu Íslendingarnir á svæðinu því í Sisimiut er annar hópur frá Ístaki að byggja virkjun.



**Á BYGGINGASVÆÐINU** Theodór er verkstjóri á svæðinu, þar sem tæplega þrjátíu manns vinna við byggingu skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nokkur munur er á því að vinna í byggingavinnu á Íslandi og Grænlandi. „Hitastigið var um fimmtán gráður klukkan sjö í morgun (fimmtudag), svo skín sólin á okkur og moskítóflugurnar eru að stinga okkur svolítið. Þetta hefur verið svolítið ólíkt, það eru líka meiri stillur hér þó það hvessi líka. Svo var mikill snjór hérna í vetur. Ég hélt líka aldrei að ég myndi upplifa það að þurfa að koma til Íslands til að upplifa sumarið, og finna gróðurlyktina. Það eru bara berar klappir hérna og smá lyng, tré sjáum við ekki. Ég er að fara heim í sumarfrí og þá fer maður í sumarið og finnur lyktina af gróðrinum.“

thorunn@frettabladid.is


# Gorenje þvottavél




A Orkunýtni

A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél

WA50125

Einföld og hljóðlát þvottavél með íslenskum leiðarvísi.

Verð 98.500

RÖNNING

Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími 562 4011

Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími 470 2020

Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími 460 0800


Ungmenni seldu ýmsan varning á flóamarkaði í Hinu húsinu:

# Prúttað um föt og vínylplötur

Flóamarkaður var haldinn í Hinu húsinu í gær þar sem ungu fólki var gefið tækifæri á að selja ýmsan varning. Þátttaka var ókeypis.

Melkorka Bjarnadóttir, upplýsingafulltrúi hjá Hinu húsinu, segir markaðinn hafa gengið mjög vel. Góð aðsókn hafi verið á markaðinn sem haldinn var á skrifstofu Hins hússins við Pósthússtræti. Upphaflega stóð til að halda markaðinn utanhúss en vegna veðurs var hann færður inn. Melkorka segir að þarna hafi aðallega verið ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára en þó hafi einn hópur unglinga úr tíunda bekk verið að selja vörur.

Melkorka segir að ungmennin hafi verið að selja margvíslegan varning; bækur, vínylplötur, skó og fatnað. Jafnframt voru ungir hönnuðir að selja skartgripi og grifflur. Hún segir að mikil ánægja hafi verið meðal þátttakenda á markaðnum sem hafi viljað hafa opið lengur.

Melkorka segir að næsta stóra verkefni Hins hússins sé samstarf við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RISS sem fram fer í september næstkomandi.



**MARKAÐUR HJÁ HINU HÚSINU** Góð aðsókn var að markaðinum þrátt fyrir að þurft hafi að færa hann inn í húsnæði Hins hússins við Pósthússtræti. Upphaflega stóð til að halda hann utandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún bendir jafnframt á að á þriðjudagskvöldum standi Hitt húsið fyrir tónleikum í Austurbæjarbíói í samstarfi við Hús unga fólksins.

- bþa

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 9 **Velta:** 97,9 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
747,97 **-0,37%**

MESTA HÆKKUN
**EIK BANKI** +7,5%

MESTA LÆKKUN
**MAREL** -1,16%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 154,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 430,00 +0,00% ... Bakkavör 1,48 +0,00% ... Eik Banki 86,00 +7,50% ... Føroya Banki 121,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,20 +0,00% ... Marel Food Systems 51,00 -1,76% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Minna tap en búist var við

**VIÐSKIPTI** Uppgjör bandaríska bílaframleiðandans Ford var framar væntingum þrátt fyrir tap á síðasta ársfjórðungi af reglulegri starfsemi að fjárhæð 638 milljóna dala eða um 80 milljarða króna.

Erlendir fjármálasérfræðingar höfðu spáð því að félagið myndi tapa um 50 sentum á hlut en tap félagsins nú nam um 21 senti á hlut. Ford var eini bandaríski bílaframleiðandinn af þeim þremur stóru sem þáði ekki aðstoð frá bandaríska ríkinu nú í vetur.

Fjármálastjóri Ford sagði á uppgjörsfundi að áætlun fyrirtækisins um að skila hagnaði af reglulegri starfsemi árið 2011 gengi vel.

Skyndibitakeðjan McDonalds greindi jafnframt frá uppgjöri í gær sem var hins vegar undir væntingum. Tekjur félagsins drógust saman um rúmlega átta prósent á síðasta ársfjórðungi og féllu hlutabréf í félaginu um rúmlega eitt prósent í kjölfar þess að uppgjörið var birt.

Helstu ástæður þess að uppgjörið er undir væntingum er styrking dollarans undanfarið sem kemur sér illa fyrir fyrirtækið. Stór hluti af sölu fyrirtækisins fer fram utan Bandaríkjanna auk þess sem vöxtur þess hefur verið meiri erlendis en í heimalandinu. -bþa



**UPPGJÖR FORD OG MCDONALDS BIRT** Uppgjör bílaframleiðandans Ford var framar væntingum á síðasta ársfjórðungi en McDonalds náði hins vegar ekki að uppfylla væntingar markaðsgreinenda.

## Breytingar á stöðlum

Alþjóðlega reikningsskilaráðið vinnur nú að breytingum á reikningsskilastöðlum sem eiga að auðvelda lesendum ársreikninga að gera sér grein fyrir þeim stærðum sem þar eru til umfjöllunar.

Í Hagsjá Landsbankans segir að eftir því sem vandamál í fjármálakerfinu tóku að birtast árið 2007 fóru að heyrast efasemdir um að verð fjármálagerninga sem skráð var í ársreikninga fjármálastofnana gæfi rétta mynd af raunverulegu virði.

Deilt er um hvort meta eigi eignir á markaðsverði hverju sinni eða hvort það eigi að horfa til kostnaðarverðs viðkomandi eignar. Í dag eru báðar aðferðir leyfilegar og óljóst á þessari stundu hvaða aðferð verður farin í þessum málum. Stefnt er að innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla árið 2012. -bþa



**SAMRUNI** Porche sameinast Volkswagen, bílaframleiðandanum þýska.

## Volkswagen kaupir Porche

Verið er að ganga frá kaupum þýska bílaframleiðandans Volkswagen á bílaframleiðandanum Porche. Porche hafði áður reynt að taka yfir Volkswagen en mistekist vegna minni eftirspurnar í kjölfar núverandi kreppu.

Nú hefur staðan snúist við og talið er líklegt að gengið verðið frá samruna fyrirtækjanna fyrir 2011 þar sem Volkswagen mun fara með ráðandi hlut í hinu nýja fyrirtæki. Báðir aðilar hafa undanfarið lýst yfir áhuga á sameiningu sem nú er væntanleg. -bþa

## Efnahagsbatinn hafinn í Asíu

Ákveðin batamerki eru farin að sjást á hagkerfum nýmarkaðsríkja í Asíu eftir þá stöðnun sem hefur ríkt undanfarna mánuði í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu asíska þróunarbankans (e. Asian Development Bank).

Samkvæmt mati bankans munu hagkerfi Asíu vaxa um þrjú prósent í ár en sex prósent árið 2010. Meðal nýmarkaðsríkja í Asíu sem spáin nær til eru Indónesía, Kína, Taíland, Búrma, Hong Kong, Suður–Kórea, Malasía og Singapúr.

Í skýrslunni kemur fram að minni eftirspurn í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan muni skaða mörg lönd Austur-Asíu þar sem þau eru ákaflega háð útflutningi til fyrrgreindra landa. -bþa



# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP




ÓDÝRT Í HAGKAUP

KJÚKLINGALUNDIR
2 TEGUNDIR
**1.797** kr/kg.
Merkt verð 2.899.-




**2.398** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

**Kjúklingapinnar**
Tex Mex




**649** kr/kg.
Merkt verð 998.-

**Kjúklingur**
Ferskur




**1.599** kr/pk.

**Jensen svínarif**




ÓDÝRT Í HAGKAUP
2 fyrir 1
**679** kr/2stk.

**Kjúklingavængir í fötu**
800g - 2 tegundir

Jói FEL




dijon hunangs-
sósa

basil & hvítlauks-
sósa

rósapipar-
sósa

*Spennandi grillsósur!*



STEINBAKAÐ PAGUETTE
**249** kr/stk.




CAPRI SUN ORANGE
**449** kr/pk.




RENÉ KAFFIPÚÐAR
**279** kr/pk.



MYLLU SKÚFFUKÖKUR
**379** kr/stk.




MARYLAND KEX
**99** kr/pk.



LÍFRÆNN SORBET 4 TEG.
**468** kr/stk.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. júlí á meðan birgðir endast.

# Spennandi á grillið
## *á betra verði!*

OPIÐ til 20 alla daga



**KRYDDLEGNAR LÆRISNEIÐAR**
**1.598** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-



**599** kr/pk.
Merkt verð 749.-

**BBQ borgarar**
4*100gr



**1.598** kr/kg.
Merkt verð 1.998.-

**Silungur**
hvítlauksmarineraður



**1.019** kr/kg.
Merkt verð 1.698.-

**Svínakótelettur**
hunangskryddlegnar



**2.039** kr/kg.
Merkt verð 2.718.-

**Nautaribeye**
Pipar kryddlegið

NÝTT



Bökunarkartöflur



Beikonfylltar kartöflur

NÝTT



Maísstönglar



Balsamikmarinerað grænmeti



Berjabomba m/kókosbollum



Sveppir með ostafyllingu




ORKUDRYKKUR 250ML
**108** kr/stk.



A&W ROOT BEER
**189** kr/stk.



4STK VÖLU KÓKOSBOLLUR
**299** kr/pk.



RISABRAUÐ 1KG
**199** kr/stk.



KOLAGRILL EINNOTA
**299** kr/stk.



500GR VILKO VÖFFLUMIX
**499** kr/pk.



NAMMI GOTT 6STK Í PAKKA
**449** kr/pk.



STEIKTUR LAUKUR
**159** kr/pk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þátttaka, samstarf og samvinna öllum til góðs:

## Við björgum okkur sjálf

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Það voru mikilvæg söguleg tímamót þegar Alþingi samþykkti að fela ríkisstjórninni að leita eftir fullri aðild Íslands að Evrópusambandinu. En hér er þó aðeins um áfanga að ræða og úrslit málsins enn alveg óráðin.

Aðildarumsókn Íslands er ekki skammtímamál. Hún er alhliða stefnuyfirlýsing íslensku þjóðarinnar til langrar framtíðar. Það er hættulegur misskilningur að málið tengist sérstaklega tímabundnum erfiðleikum – eins og t.d. hruni íslensku bankanna. Tillögur um aðild voru fyrir löngu komnar fram og deilur hafa lengi staðið um málið.

Íslendingar sækjast eftir fullri aðild að Evrópusambandinu til þess að ljúka löngu aðlögunarferli sem þegar hefur fært þjóðinni margvíslegar framfarir. En Íslendingar eru núna annars flokks aðildarþjóð Evrópusambandsins, auka-land, háð fylgiríki.

Við óskum þess að verða fullgild þátttökuþjóð, fullvalda aðildarríki. Við Íslendingar teljum enga aðra tilhögun geta til langframa hentað eða fullnægt óskum okkar, hagsmunum okkar og þjóðarmetnaði okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Frjáls þjóð gerir slíka kröfu til sjálfrar sín og til annarra.

Það er beinlínis óviðeigandi og stórhættulegt að tengja aðildarumsóknina við einhver styrkja-, sníkju- eða kröfugerðarviðhorf. Það er alveg villandi að festa umsóknina við einhverjar kröfur eða drauma um að losna undan óhjákvæmilegum og beinum kostnaði af efnahagsógöngum eða af sjálfsögðu erfiði við að byggja aftur upp eigið fjármálakerfi. Fjármálakerfið á ekki aðeins að mæta fjárhagslegum og efnahagslegum kröfum heldur á það líka að fullnægja stolti þjóðarinnar af því að bera sjálf sínar byrðar og eiga sjálf heiðurinn af eigin afrekum og árangri.

Íslendingar ganga ekki í Evrópusambandið til þess að SÆKJA einvörðungu heldur ekki síður til að FÆRA þar fram sinn skerf. Við erum fullgild evrópsk menningar- og lýðræðisþjóð og hegðum okkur samkvæmt því. Við ryðjum okkur til rúms í samræmi við það. Í því efni varðar meira um ýmislegt annað en peninga eða fjárhag. Við viljum engar ölmusur.

Um leið styrkjum við menningu og fullveldi Íslands í hópi þjóðanna í sterkum þjóðræknisanda. Innan Evrópusambandsins mætum við mörgum öðrum þjóðum sem fylgja sömu stefnumiðum, hver þjóð fyrir sig. Þar eigum við marga stolta samherja. Þar eru Írar og Skotar, Finnar og Eistar, Lettar og Litháar, Tékkar og Slóvakar, Maltverjar, Ungverjar og Slóvenar meðal annarra. Þar eru Álendingar, Azoreyingar, Sikileyingar, Kýpverjar og Korsíkumenn, Baskar og Bretónar, Kanaríeyingar og Katalóníumenn – auk fleiri minnihlutaþjóða og þjóðarbrota.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu verður að bera fram í samræmi við þessi sjónarmið. Andstæðingar aðildar reyna að tengja hana við uppgjöf fullveldis og þjóðernis og brotthvarf frá þjóðrækni og þjóðarmetnaði. Þeir reyna í áróðri að spyrða hana saman við einhvers konar sníkjuhugsun og vesaldóm. Slíkt munu Íslendingar aldrei samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þátttaka, samstarf og samvinna eru öllum til góðs. En engir útlendingar bjarga okkur – og eiga ekki að reyna það. Það gerum við sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ung, fersk og reynslulítil

Allra augu beinast nú að fjárlaganefnd – í það minnsta augu blaðamanna – þessa dagana, en þar er verið að ræða frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave. Nefndin hefur fjöregg þjóðarinnar í hendi sér, að margra mati.

Það mæðir því á nefndarmönnum, sem kannski eru lítt vanir slíkri vinnu. Af ellefu nefndarmönnum settust fimm á þing árið 2007, hinir sex í vor. Það er því ung, fersk og ný nefnd sem vélar um málið, en kannski ekki reynslumikil.



### Kafka á þingi

Það er ekki allra að sitja á þingi og enn færri að fylgjast með umræðum þar. Þegar menn segjast ræða fundarsköp forseta eru þeir í raun að ræða efnisatriði frumvarpa og andsvör þurfa síður en svo að vera andsvör; geta jafnvel snúist um eitthvað allt annað mál.

Bleik var þó brugðið þegar hann kveikti á netútsendingu þingsins í gær og komst að því hvað var til umræðu: „Aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.“ Kafka er mættur á þing.

### Hillary fer með fleipur

Hillary Clinton gegnir ekki ábyrgðarminni stöðu en að vera utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Það er sérstaklega mikilvægt að fólk með slíka ábyrgð gæti vel að orðum sínum.

Þess vegna var sérstaklega bagalegt að sjá Hillary skripla á skötu þegar hún talar um Norður-Kóreu. Þannig fullyrti hún nýverið að landið væri einangrað og ætti sér í raun enga vini.



Þetta er ekki alls kostar rétt. Hér á Íslandi er einmitt starfrækt Vinafélag Norður-Kóreu. Ekki er vitað hvort formaður þess, Sindri Stephensen, hafi brugðist við orðum frú Clinton. En í nafni alls þess sem rétt er og satt væri fyllsta ástæða til þess.

kolbeinn@frettabladid.is

# Réttindi og réttar greiðslur lífeyris



SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR

**Í DAG** | Lífeyrismál

Almannatryggingar eru mikilvægur þáttur í velferðarsamfélaginu og um það er almennt góð sátt. Um almannatryggingaréttindin eru þó eðlilega skiptar skoðanir og því er það mikilvægt að fram fari heilbrigð og gagnrýnin umræða um réttindakerfið. Á það hefur verulega skort til þessa. Brýnt er að nota góðæri til umbóta en það er enn brýnna að huga að nýjum leiðum til að styrkja velferðarkerfið, þegar á móti blæs. Slíkt þarf að vinna þétt með þeim sem best til þekkja og hagsmunahópum þeirra sem hallast standa í samfélaginu.

Í svokölluðum almannatryggingalögum, lögum um félagslega aðstoð og reglugerðum á grundvelli þessara laga, hefur löggjafinn og ráðherra skráð réttinn til lífeyris og uppbóta. Viðfangsefni Tryggingastofnunar er síðan að sjá um framkvæmdina. Í stuttu máli að greiða réttar bætur til réttra aðila á réttum tíma, sem virðist í fljótu bragði nokkuð einfalt verkefni en þegar grannt er skoðað kemur annað í ljós. Í réttindakerfi lífeyristryggingga eru miklar tengingar við samtímatekjur og aðstæður lífeyrisþega sem gerir það að verkum að bótarétturinn er reiknaður út frá áætlunum og leiðréttur þegar allar upplýsingar liggja fyrir. Þannig getur það sem rétt var reiknað reynst rangt þegar öll kurl koma til grafar.

Það er á ábyrgð lífeyrisþegans að sjá til þess að Tryggingastofnun hafi réttar upplýsingar. Kerfið er mjög kvikt, þ.e. lækkað tekjur getur samstundis skapast aukinn réttur til lífeyris sem jafnvel bætir allt tekjutapið. Algengast er þó að lægri tekjur verði til þess að hækkun lífeyris nemi einungis hluta lækkunarinnar. Á sama hátt geta lífeyrisgreiðslur lækkað ef tekjur hækka. Hér er því um að ræða verulega virkt tekjujöfnunarkerfi, sem að sama skapi er flókið í framkvæmd. Það krefst mikils af Tryggingastofnun, starfsmönnum og tölvukerfum og síðast en ekki síst krefst það mikils af lífeyrisþegunum sjálfum. Þeir verða að fylgjast vel með breytingum sem verða á högum þeirra og bregðast við ábendingum Tryggingastofnunar þegar við sjáum að áætlanir þeirra virðast ekki ætla að standast.

Afar mikilvægt er að við höfum tök á því að sannreyna þær upplýsingar sem lífeyrisþegi gefur um tekjur sínar og aðstæður til þess að greiddar bætur verði eins réttar og kostur er. Við leggjum því áherslu á að fá hið allra fyrsta að vita af því ef einhverjar þær breytingar verða á högum lífeyrisþegans sem gætu leitt til breytinga á lífeyri. Samtímaeftirlit jafnt sem ytra eftirlit hefur verið eflt.

Lög um almannatryggingar eru nú til endurskoðunar og er það fagnaðarefni að það verk skuli nú unnið í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Við þá endurskoðun er mikilvægt að ná góðri almennri sátt um almannatryggingakerfið og styrkja jafnframt úrræði Tryggingastofnunar svo koma megi í veg fyrir misnotkun. En einnig er afar mikilvægt að endurskoða alla framkvæmd laganna til þess að minnka eftir föngum þau frávik sem fram koma þegar árið er gert upp við endurreikning bótanna að fengnum upplýsingum frá skattyfirvöldum.

Þessa dagana fer fram endurreikningur bótagreiðslna ársins 2008. Hafi tekjur orðið lægri en áætlað var getur það leitt til inneignar lífeyrisþega, hafi tekjur orðið hærri en áætlað var gæti það hins vegar hafa leitt til þess að lífeyrisþegar hafi fengið greiddar bætur á árinu 2008 umfram rétt. Lífeyrisþegar munu um næstu mánaðamót fá upplýsingar um stöðu sína og ráðrúm til andmæla.

Skattalögum var á síðasta vetri breytt þannig að fjármálastofnunum er nú gert að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur einstaklinga og tekur sú lagabreyting til tekna ársins 2008. Við munum því í fyrsta sinn í ár geta sannreynt upplýsingar lífeyrisþega um fjármagnstekjur. Þegar liggur fyrir að margir lífeyrisþegar hafa ekki upplýst okkur um fjármagnstekjur sínar og má því gera ráð fyrir umfangsmiklum leiðréttingum á lífeyrisgreiðslum vegna ársins 2008.

Tryggingastofnun leggur áherslu á rétta framkvæmd laganna, réttmæti bótagreiðslna og annarra greiðslna sem okkur er falið að sjá um lögum samkvæmt. Við leggjum einnig mikla áherslu á gott samband við þá sem við þjónum og teljum brýnt að ætíð sé fylgst vel með þörfum og aðstæðum þeirra landsmanna sem hallast standa og brugðist sé við með breytingum í réttindakerfinu ef þurfa þykir. Við getum ekki fallist á þau sjónarmið að réttlæta megi bótasvik með þeim rökum að þar séu þegnarnir sem verst standa að bjarga sér í þröngri stöðu. Velferðarsamfélagið hlýtur að eiga að koma til móts við þá með breyttu réttindakerfi. Það er reynsla Tryggingastofnunar að flestir öryrkjar og ellilífeyrisþegar, sem nú eru tæplega fjörutíu og sex þúsund talsins, veiti Tryggingastofnun samviskusamlega upplýsingar um tekjur sínar. Einungis fáir virðast vísvitandi láta hjá líða að koma réttum upplýsingum til stofnunarinnar. Þá er það ekki reynsla Tryggingastofnunar að þeir sem eru mest þurfandi séu líklegastir til bótasvika.

Viðfangsefni Tryggingastofnunar er að sjá um framkvæmdina. Í stuttu máli að greiða réttar bætur til réttra aðila á réttum tíma, sem virðist í fljótu bragði nokkuð einfalt verkefni en þegar grannt er skoðað kemur annað í ljós. Í réttindakerfi lífeyristrygginga eru miklar tengingar við samtímatekjur og aðstæður lífeyrisþega sem gerir það að verkum að bótarétturinn er reiknaður út frá áætlunum og leiðréttur þegar allar upplýsingar liggja fyrir. Þannig getur það sem rétt var reiknað reynst rangt þegar öll kurl koma til grafar.

*Höfundur er forstjóri Tryggingastofnunar.*

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009


998
E.S PANNA 22 sm aðeins 998 kr.


1298
E.S PANNA 26 sm aðeins 1298 kr.


1898
E.S PANNA 28 sm m/glerloki 1898 kr.


1398
E.S SÓSU-POTTUR 1,5 ltr 1398 kr.


Ali
398
FERSKUR ALI GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.


3598
E.S STÁLPOTTUR 10 ltr. 3598 kr.


1998
E.S STÁLPASTAPOTTUR 4,5 ltr. 1998 kr.


1698
E.S STÁLPOTTUR 3 ltr. 1698 kr.


259
50 STK


498
50 STK.


159
50 STK.


159
24 STK

## Koopman einnota útileguáhöld

DISKAR 22 CM 50 STK 498 kr.
GLÖS HVÍT 50 STK 159 kr.
HNÍFAPÖR 24 STK 159 kr.
SNAPSGLÖS 50 STK 259 kr.

# SUMARHÁTÍÐ Á KORPUTORGI

SÆLGÆTIS-BARINN
50%
AFSLÁTTUR
ALLA DAGA


598
598 kr. 8 ltr./ 4 FLÖSKUR.
COKE- LIGHT- ZERO 4 FL. 2 LTR. (8 LTR.) 598 kr.

FERSKT GRÍSAKJÖT


698
1198
FERSKAR ÍSLENSKAR GRÍSALUNDIR
aðeins 1198 kr./kg.
G.V FERSKAR ÍSLENSKAR
GRÍSAKÓTILETTUR aðeins 698 kr./kg.

FERSKT HREFNUKJÖT
20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR


1198
FERSKT HREFNUKJÖT / FERSKT KRYDDAÐ
HREFNUKJÖT *TILBÚIÐ Á GRILLIÐ.*
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1198 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

# Betra að vera fangi en stúdent?

UMRÆÐAN
Hildur Björnsdóttir skrifar um kjör stúdenta.


HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Það var líkt og hendi væri veifað. Í einni svipan breyttist íslenskt efnahagsundur í efnahagssplundur og menn báðu Guð að blessa Ísland. Örvænting greip um sig meðal þjóðarinnar og látlaus vonbrigði brennimerktu íslensku þjóðarsálina. Stórasta land í heimi var nú krossfest, dáið, grafið. Kannski svolítið dramatískt, en alvarlegt var það – ástandið sem heltók nú fallega, hreina Ísland.

Fjármálakreppan ógurlega hefur víða gert vart við sig. Ótal samfélagshópar berjast nú í bökkum og enginn vill komast í of náin kynni við niðurskurðarhníf stjórnvalda. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafa stúdentar þó alltaf beðið úti í kuldanum, aldrei notið góðs af góðærinu og sitja nú sífellt undir hnífsblaði stjórnvalda.

Samkvæmt nýjum úthlutunarreglum LÍN mun tekjulaus námsmaður í leiguhúsnæði fá 100.600 kr. mánaðarlega næsta skólaár. Það er óhætt að fullyrða að enginn annar samfélagshópur býr við svo bág kjör en stjórnvöld hafa haldið námsmönnum undir fátækramörkum um árabil. Til nánari rökstuðnings á fáránleika fjárhæðarinnar reiknar Lánasjóðurinn með því að námsmaður geti brauðfætt sig á 584 kr. daglega. Því til samanburðar greiðir ríkið 1.300 kr. daglega í matarkostnað fyrir hvern afplánunarfanga. Það er rúmlega tvöföld sú upphæð sem námsmönnum reiknast og rúmlega margfalt fáránlegur raunveruleiki. Eiga afbrotamenn þjóðarinnar virkilega skilið betri lífskjör en námsmenn?

Nú þegar þúsundir landsmanna standa frammi fyrir atvinnuleysi hvetja stjórnvöld fólk til að ganga menntaveginn. Stjórnvöldum gleymist þó ætíð sú staðreynd hve óhagstætt það er að vera námsmaður. Ráðamenn þjóðarinnar hafa í gegnum árin búið betur í haginn fyrir alla aðra samfélagshópa – öryrkja, atvinnulausa, fólk á félagsbótum – jafnvel verst settu hóparnir hafa það náðugra en námsmenn. Við biðjum ekki um mikið. Við biðjum um jafngóða máltíð og afplánunarfangar og afbrotamenn. Er það til of mikils mælst?

Áður en stjórnvöld geta með góðri samvisku boðið menntun sem fýsilegan kost þarf að tryggja nokkrar grundvallarbreytingar. Grunnframfærsla námslána þarf að vera í samræmi við framfærslugrunn atvinnulausra, öryrkja og afplánunarfanga. Fyrirbyggja þarf að nám verði að forréttindum hinna ríku og efnameiri. Stjórnvöld þurfa að koma til móts við námsmenn og tryggja þeim viðunandi lífsskilyrði svo einstaklingar sjái áfram hag sinn í því að sækja sér æðri menntun – því menntun er skynsamleg fjárfesting til framtíðar.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

# Allir bankar í Evrópu ríkisbankar?

UMRÆÐAN
Sigríður Á. Andersen skrifar um Icesave.


SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Stjórnmálamenn og svokallaðir samningamenn Íslands í Icesave-málinu halda þeirri sérkennilegu lögskýringu á lofti að tilskipun Evrópusambandsins um Tryggingarsjóð innstæðueigenda leiði til þess að íslenska ríkið beri ábyrgð á innstæðum Landsbankans í Bretlandi. „Íslenska þjóðin verður að standa við skuldbindingar sínar“ er slagorð þeirra sem fá borgað fyrir að gæta hagsmuna þjóðarinnar og falla æði margir í stafi við herópið. Fullyrt er að þær skuldir sem Landsbankinn, einkarekin fjármálastofnun, stofnaði til, séu í reynd skuldbindingar íslensku þjóðarinnar.

Hafi það verið ætlun Evrópusambandsins að ríki þess stæðu alltaf á bak við fjármálalífið með þessum hætti hefði verið eðlilegt að tilskipunin kvæði hreinlega á um slíkt fyrirkomulag. Ekki síst í ljósi þess að ríkisábyrgð á einkarekstri er í orði fordæmd í Evrópusambandsrétti. Er stakur tryggingarsjóður ekki einkennilegur milliliður í því sambandi? Þá hefði einnig líka verið eðlilegt að einhver umræða hefði farið fram í þessum ríkjum um tilgang og eðli einkavæðingar banka og annarra fjármálastofnanna sem átt hefur stað í öllum Evrópuríkjunum undanfarna áratugi. Ekkert hefur þó komið fram um að einkavæðing þessara fyrirtækja hafi í meginatriðum lotið öðrum lögmálum en einkavæðing annarra fyrirtækja.

Sé hins vegar áðurnefndur skilningur á ábyrgð ríkisins á bankainnstæðum réttur getur ekki verið um að ræða nokkra einkabanka, hvorki á Íslandi né í öðrum Evrópulöndum. Þeir sem nú tala með þeim hætti að á íslenska ríkinu hvíli skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. geta trauðla talað um einkavæðingu bankanna að nýju. Það er til lítils að einkavæða ef ríkið ber áfram ábyrgð á rekstrinum. Og þá mun heldur engu skipta hverjir stjórna þessum fyrirtækjum.

Þeir þingmenn sem nú tala fyrir því að ná betri samningi við Bretland og Holland, og telja það ekki ómaksins virði að svara því hvort umrædd skuldbinding sé yfirleitt ríkisins, þurfa að svara því hvernig þeir sjá fyrir sér fjármálarekstur framtíðarinnar.

Ætli menn í Evrópu líti svo á að þar séu allir bankar ríkisbankar? Varla. Af hverju samþykkja þá þeir sem falið hefur verið að gæta hagsmuna þjóðarinnar um þessar mundir þau rök að Landsbankinn hf. hafi í raun bara verið venjulegur ríkisbanki?

*Höfundur er héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*




# Þjóðin segi já eða nei

UMRÆÐAN
Hjörtur Hjartarson skrifar um þjóðaratkvæðagreiðslur.


HJÖRTUR HJARTARSON

Farsæl leið úr Icesave-klemmunni er þjóðaratkvæðagreiðsla. Ótækt er að ætla almenningi að axla fordæmalausar fjárskuldbindingar án þess hann fái nokkuð að segja um skilmálana. Illbrúanleg gjá virðist líka hafa myndast milli þeirra sem vilja ganga að skilmálum fyrirliggjandi samninga og hinna sem þykja þeir óaðgengilegir. Er þá ótalin sögufræg gjá milli þings og þjóðar. Þjóðaratkvæðagreiðsla er leið til gera út um mál þegar ekki er hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum hætti. Að slíkri sáttaleið er unnið á vefsíðunni www.kjosa.is. Ekki er víst að ríkisstjórnin lifi af að frumvarpið verði fellt. Þyngra virðist þó hvíla á ríkisstjórninni óvissan um hvað taki við felli Alþingi frumvarpið. Stjórninni er vorkunn. Hitt er víst að engin ríkisstjórn mun komast heil frá því að sniðganga almenning í málinu, að almenningi verði skipað að axla byrðarnar og þegja. Hér yrði ólíft fyrir klögumálum og svikabrigslum og samfélagið ekki til stórræðanna.

Gera verður ráð fyrir að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi. Þá kemur til kasta forseta Íslands. Forsetinn getur vísað málinu til þjóðarinnar. Annað af tvennu getur þá gerst. Frumvarpið yrði samþykkt. Innbyrðis yrði þjóðin þá – hugsanlega eftir nokkurn slag – „sátt að kalla“. Þjóðin gæti hafnað frumvarpinu. Lögin féllu þá úr gildi og fyrirliggjandi samningar. Ríkisstjórnin hefði uppfyllt skilmála samninganna en almenningur neytt stjórnarskrárbundins réttar og hafnað skilmálunum. Upp væri komin samningsstaða.

Ævafornar mótbárur heyrast jafnan þegar almenningur býst til að taka örlög sín í eigin hendur. Málið er ekki þess eðlis; almenningur lætur blekkjast af lýðskrumi, hefur ekki forsendur til að setja sig inn í málið. Víst má efast um dómgreind almennings þegar horft er til stjórnmálamanna sem hér hafa valist til forystu. Þeirra sem stýrt hafa landinu fram af hengiflugi. Ég skora á samborgara mína að leggja leiðsögn þeirra til hliðar og taka málið í sínar hendur á www.kjosa.is.

*Hitt er víst að engin ríkisstjórn mun komast heil frá því að sniðganga almenning í málinu, að almenningi verði skipað að axla ábyrgð og þegja.*

*Höfundur er talsmaður framtaksins „Í okkar hendur“ á www.kjosa.is.*

# Semjum við Kanada

UMRÆÐAN
Sveinbjörn Ragnar Árnason skrifar um stjórnmál.


SVEINBJÖRN RAGNAR ÁRNASON

Íslandi er stjórnað með sameiginlegu ábyrgðarleysi stjórnmálaflokkanna. Getur verið að einn fárra möguleika fyrir sigraða þjóð sé að lýsa yfir hugsanlegu gjaldþroti og fá nýja kennitölu á Ísland? Íslendingar geta þá beint fyrirhuguðum samningaviðræðum við Evrópusambandið til ríkisstjórnar Kanada og/eða með inngöngu í Nafta? Íslensk stjórnvöld hafa ekki skoðað þann möguleika á að semja við Kanada, þeir stefna frekar á að reyna að takast í hendur við kreppta hnefa þjóðarinnar og í Evrópusambandið skal fara, sama hvað það kostar Íslendinga. Ég er sannfærður í dag að íslensku stjórnmálaflokkarnir eru mesta vandamál þjóðarinnar.

Brotlending þjóðarbúsins er að mestu leyti stjórnmálaflokkunum að kenna. Þjóðin mun þó ekki gleyma stelsjúkum bankamönnum og útrásarvíkingum. Helst dettur manni í hug að ríkisstjórn Geirs Haarde hafi sett brodd á barka eftirlitsaðila meðan reynt var að redda klúðrinu korter í hrun. Ef til vill trúðu Geir, Ingibjörg og aðrir í klappliðinu á að með því að draga magann inn, þegar stigið er á vigt, þá myndi útkoman verða betri fyrir Íslendinga.

*Brotlending þjóðarbúsins er að mestu leyti stjórnmálaflokkunum að kenna. Þjóðin mun þó ekki gleyma stelsjúkum bankamönnum og útrásarvíkingum.*

Búið er að þjóðnýta skuldir einkavinavæddu bankanna yfir á íslenskan almenning. Skuldaklafar sem hellast yfir almenning og virðist engan endi ætla að taka. Ábyrgð síðustu ríkisstjórna er mikil, gáleysi og tómlæti kann að varða við landslög að mínu mati. Hver ber ábyrgð? Enginn, því Íslandi er stjórnað sameiginlega með ábyrgðarleysi stjórnmálaflokkanna.

Þurfum við Íslendingar ekki að kalla til erlenda sérfræðinga til að reisa efnahaginn við? Íslenskum stjórnmálamönnum mun ekki takast það, þeir eru of flæktir í hagsmuni samtryggingarkerfis stjórnmálaflokkanna? Af hverju könnum við ekki viðræður við frændur okkar í vestri um skjól og aðstoð, í skiptum fyrir samstarf og eða hlutdeild í t.d. olíuleitarsvæðum Íslands? Staðreynd: Íslendingar eiga meiri samleið með þjóðum á Norðurhveli en nokkurri annarri. Hlýnandi loftslag þýðir að norðurleiðin er að opnast og því eiga þjóðir á norðurhveli jarðar meiri samleið með hver annarri. Áætlað er að yfir 200 þúsund Kanadamenn eigi ættir að rekja til Íslands. Kanada lánaði Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mikið fjármagn í síðustu viku. Hvers vegna beinum við ekki sjónum okkar til Kanada? Kanada er ríkjasamband sem samanstendur af tíu fylkjum og þremur sjálfstjórnarsvæðum, Ísland það fjórða? Kanada er þingbundið lýðræðisríki í Breska samveldinu. Geta Kanadamenn ekki náð að lenda þessari Icesave-vitleysu fyrir okkur Íslendinga farsællega?

Ef ekki er samið við stjórn Kanada eigum við að fá erlenda sérhæfða aðila til að stjórna hér næstu 12 ár eða svo og mynda þjóðstjórn. Við veljum fólk sem er ekki í samtryggingarkerfi íslensku stjórnmálaflokkanna. Við gefum út yfirlýsingu vegna skulda íslenskra óreiðumanna erlendis: Á Íslandi varð brotlending efnahags og bankakerfisins vegna gáleysis og spillingar tengdra aðila fram til ársins 2010. Við höfum vikið öllum stjórnmálaflokkum burt og kynnt nýja aðila til stjórnunar vegna sérstæðra aðstæðna á Íslandi. Takið upp í skuldir íslensku einkavinavæddu bankanna eignir þeirra erlendis. Við afhendum nafnalista allra eigenda og stjórnenda einkavinavæddu bankanna til erlendra kröfueigenda. Þá fyrst verða þessir menn látnir borga brúsann og axla ábyrgð gerða sinna. Það mun ekki gerast í skjóli íslenskra stjórnmálaflokka við völd á Íslandi.

*Höfundur er óflokksbundinn Íslendingur.*



**ASIAN MATVÖRUMARKAÐUR** býður upp á matreiðslunámskeið þar sem áhersla er lögð á ódýra matargerð, indverskan mat og sushi. Gögn og uppskriftir fylgja. Nánari upplýsingar á www.greenapple.is.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.890 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Gyða Lóa gerir kökuna gjarnan fyrir vinkonur sínar sem biðja hana oft að baka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Finnst gaman að baka

**Gyða Lóa Ólafsdóttir er liðtæk í eldhúsinu og finnst gaman að elda og baka. Hún leitar oft að uppskriftum á netinu og hefur fundið margar misgóðar. Hún gefur Fréttablaðinu eina af sínum uppáhaldsuppskriftum.**

„Þetta er uppáhaldskakan mín og það er rosalega auðvelt að gera hana. Hún er þægileg og mjög góð," segir Gyða Lóa Ólafsdóttir, sem vinnur í blómabúð í sumar, um Oreo-ostaköku sem hún útbýr. „Hún er eins auðveld og hún getur verið. Ég hræri eiginlega öllu saman, set í form og skelli í frysti."

Gyða Lóa segist gera Oreo-ostakökuna nokkuð oft. „Ég útbý hana fyrir öll boð en vinkonur mínar biðja mig alltaf um að gera hana þegar við erum að fara eitthvað," segir Gyða Lóa, sem er að eigin sögn liðtæk í eldhúsinu. „Mér finnst mjög gaman að elda og baka en reyndar ekki að taka til í eldhúsinu. Mér finnst samt aðeins skemmtilegra að baka."

Gyða Lóa komst yfir uppskriftina að Oreo-ostakökunni á netinu. „Ég fékk svipaða köku í fermingarveislu fyrir löngu. Síðan var ég alltaf að leita að svipaðri uppskrift. Einn daginn langaði mig að gera ostaköku en ég fer oft á Google og prófa að gúggla það sem mig langar í. Ég fann þessa og ákvað að prófa hana og hún var svo góð að ég ákvað að skrifa hana niður og gera aftur."

Aðspurð segist Gyða Lóa þó einnig hafa rekist á slæmar uppskriftir á leit sinni á netinu. „Ég prófaði einu sinni aðra Oreo-ostaköku sem baka átti í ofni," segir hún efins. „Hún var með eggjum og hljómaði mjög vel en það var ekki hægt að borða hana og henni var hent."

*martaf@frettabladid.is*

## Oreo-ostakaka að hætti Gyðu Lóu

Einföld og fljótleg

1 pakki Royal-vanillubúðingur
1 bolli mjólk
1 tsk. vanilludropar
1 peli rjómi
200 g rjómaostur
1 bolli flórsykur
24 Oreo-kexkökur



*Hrærið saman Royal-vanillubúðingnum, mjólkinni og vanilludropunum. Setjið í ísskáp í um það bil fimm mínútur. Hrærið saman flórsykur og rjómaost. Þeytið rjómann og blandið svo bæði flórsykursblöndunni og búðingnum saman við svo úr verði ljóst mauk.*

*Myljið svo Oreo-kexkökurnar í fínt duft, til dæmis í blandara.*

*Skiptist svo á að setja í form, kexduftið og ljósa maukið. Endið á kökumylsnu. Setjið ostakökuna í frysti og takið út um það bil einum og hálfum tíma áður en hún er borin fram.*

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.

Sumarleikur NINGS

Sumartilboð
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam"
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI



Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness
elskar heilsurétti Nings

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899

**FYRIRSÆTA FRÁ SRÍ LANKA** sýnir brúðarkjól á tískusýningu í Kólumbíu á dögunum, en ekki er óalgengt að tískubransinn í Evrópu sæki innblástur í tískuna þaðan.




Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Selena
er flutt í Hæðasmára 4
í sama hús og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.



30-50% afsláttur af PM kvenfatnaði

Undirföt, sundföt
25% afsláttur af völdum vörum

Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is


# Gæjar í rauðum jökkum og rennilásaskyrtum

**Herrarnir verða fínir í tauinu ef þeir fylgja línu Armanis á næstunni. Á tískuvikunni í Mílanó á Ítalíu í sumar horfði hann ár fram í tímann og heillaði áhorfendur með hönnun sinni.**

Það er ósvikinn stíll yfir fatnaði Armanis. Jakkafötin með glansáferð, létt kasmírull í peysum og elegansinn allsráðandi. Þetta birtist glöggt á sýningu Emporio Armani á tískuvikunni í Mílanó nýlega þar sem fatnaður næsta sumars var í forgrunni. Hann var þó í raun það klassískur að menn geta notað hann hvar sem er og hvenær sem er. Myndirnar tala sínu máli.

*gun@frettabladid.is*



Létt jakkapeysa í heitum lit er málið.



Léttur jakki og sportlegur.



Vestin virðast vinsæl og köflótt efni líka. Hér sameinast það tvennt.



Hvítar skyrtur með svörtum rennilás eru vissulega spes en virka smart.



Hvít peysa með doppum og takið eftir ermunum. Þær ná alveg fram í lófa.



Hver segir að karlmenn geti ekki gengið í rauðu? Þessi tekur af allan vafa um það.

NORDICPHOTOS/GETTY







;ALLT TÍSKA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 24. júlí 2009



## Hjónin í Elektru

**Nana Alfredsdóttir og Dísa Hreiðarsdóttir kynntust í gegnum tónlistina fyrir fimm árum. Þær hafa verið giftar í þrjú ár og eru saman í rokkbandinu Elektru þar sem Nana er aðalsöngkonan en Dísa spilar á trommur.**

### LÆRÐI FÖRÐUN Í LOS ANGELES

Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir er nýútskrifuð úr MUD-förðunarskólanum.

### OPNAR DRYKKJABAR Í MIÐBÆNUM

Benedikt Sigurðsson er eigandi Drykkjabarsins í Bankastræti.

### HALDA SAMEIGINLEGT PARTÍ

Ásgeir Hjartarson þeytir skífum og Haffi Haff syngur á Kaffi Kultura.


ALLT Í FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN

SJÓNVÖRP - FERÐATÆKI - MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR - TÖKUVÉLAR - MINNISKORT

United TVD8822
• 22" LCD sjónvarp
• Innbyggður DVD spilari
• 12/220v straumur




TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# núna
✻ á nágrannavaktinni

## ÓLÖF JARA SKAGFJÖRÐ SÖNG- OG LEIKKONA

„Í dag væri ég til í að fara í einnar nætur útilegu með kærastanum og góðum vinum í alvöru gítarstemningu. Bruna svo í bæinn á morgun og skella mér á æðislega tónleika með mömmu minni í Norræna húsinu í tilefni af útgáfu nýju plötunnar hennar. Á sunnudaginn tekur svo Grease við.“



helgin MÍN

### Bíllinn enn í óskilum

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona varð fyrir því leiðinlega atviki að bílnum hennar var stolið fyrir tæpum mánuði fyrir framan heimili hennar í Hlíðunum í Reykjavík. Hera var stödd í Kaupmannahöfn þegar atvikið átti sér stað og var, eins og gefur að skilja, steinhissa er hún sá að bíllinn var horfinn þegar hún kom heim í byrjun júlí. Bíllinn er níu ára gamall, dökkblár, af gerðinni Opel Zafira VR 349 og í honum voru persónulegir munir, svo sem barnabílstóll, míkrafónar, föt og skór sem Hera saknar. Þeim sem geta veitt upplýsingar um málið er bent á að hafa samband við lögregluna í Reykjavík.



### Fagnaði fertugsafmælinu

Áslaug Friðriksdóttir, dóttir Friðriks Sophussonar, hélt upp á fertugsafmæli sitt í vikunni. Slegið var til lítillar afmælisveislu í tilefni dagsins og voru afmælisbörnin þrjú talsins, því auk Áslaugar áttu Sigríður, kennd við Sirkus, og sonur Sigríðar einnig afmæli. Veislan var fámenn en góðmenn og voru afmælisbörnin í hin ánægðustu.



þetta HELST

Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir:

# LÆRÐI FÖRÐUN Í LA

Fyrir tveimur árum skráði ég mig í þennan skóla ásamt besta vini mínum, en þá í New York. Við fórum og skoðuðum aðstæður og leist vel á, en það datt svo upp fyrir að við færum. Þegar aðstæður breyttust svo hjá mér og ég sá fram á atvinnuleysi þetta sumarið ákvað ég að fletta skólanum aftur upp á netinu, hafði samband við þau í LA og skráði mig,“ segir Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir. Hún er nú stödd í Los Angeles þar sem hún lauk nýverið förðunar- og hárgreiðslunámi við MUD, Make Up Designory-skólann og útskrifaðist með hæstu einkunn.

„Förðunarnámið tók fjórar vikur og hárgreiðslunámið þrjár. Skóladagurinn var frá átta til fimm alla virka daga og þótt ótrúlegt megi virðast var heilmikil heimavinna. Það var farið yfir rosalega mikið efni, en það er einmitt eitt af því sem skólinn er virtur fyrir. Þetta er víst talinn vera annar af tveimur bestu förðunarskólunum hér og er víst Yale eða Harvard förðunarskólanna, eins og einn kennarinn minn orðaði það,“ segir hún og brosir. „Ég veit til þess að dóttir Clints Eastwood lærði við MUD og vinnur sem förðunarfræðingur í dag. Kennararnir mínir hafa einnig unnið mikið með mörgu frægu fólki og ein af þeim er til dæmis að vinna með Jessicu Biel núna,“ bætir hún við.

Spurð um aðstæður segist Þóra deila íbúð með tveimur skólasystrum sínum. „Ég bý á vegum skólans með tveimur stelpum og sambúðin hefur gengið rosalega vel. Ég hef verið mjög heppin og þær eru báðar alveg frábærar. Önnur er frá Toronto í Kanada og hin frá Pittsburgh. Aðstaðan er mjög góð hérna og við höfum meðal annars aðgang að fínni sundlaug og líkamsræktarstöð,“ segir Þóra.



**Efnileg** Sigríður Þóra útskrifaðist með hæstu einkunn frá Make Up Designory-skólanum.

> ✻ *Kennararnir mínir hafa unnið mikið með alls kyns frægu fólki og ein af þeim er til dæmis að vinna með Jessicu Biel núna.*

Aðspurð viðurkennir hún að námið hafi kostað sitt. „Ef ég hefði farið í þetta nám fyrir tveimur árum eins og ég ætlaði mér þá hefði þetta kostað mig miklu minna. En ég ákvað að hugsa ekki of mikið um það, núna væri tíminn og tækifærið. Námið er ekki lánshæft hjá LÍN svo ég þurfti að fjármagna það sjálf. Ég var sem betur fer í ágætis málum fjárhagslega og gat því leyft mér þetta ævintýri og nýt hverrar mínútu. Ég held að mér hafi verið ætlað að koma hingað út, það leiddi allt til þess og gekk svo vel upp. Svo verður bara vonandi vinnu að fá þegar ég kem heim,“ segir hún brosandi. *- ag*



Opið virka daga 9⁰⁰ - 18⁰⁰
SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5


Benedikt Sigurðsson:

# Opnar Drykkjabar í miðbænum

Sænska kvikmyndin Karlar sem hata konur er gerð eftir samnefndri sögu Stiegs Larsson. Bækur hans hafa notið fádæma vinsælda á Norðurlöndunum og kvikmyndin hefur slegið öll met í aðsókn þetta árið. Aðalleikkonan Noomi Rapace var viðstödd sýninguna á miðvikudagskvöldið, en hún bjó hérlendis sem barn eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Afi hennar og amma frá Íslandsárunum voru á meðal gesta í Smárabíói.



**HÓPFERÐ** Lárus Vilhjálmsson mætti með börnum sínum, þeim Sigurbjörgu Margréti og Ástráði Ísaki. Á milli þeirra er Smári Tómasson.



**GÓÐ KVÖLDSTUND** Eva Dögg Sigurgeirsdóttir og Bjarni Ákason, sem jafnan er kenndur við Apple-umboðið, voru sælleg.









# Sumartaktar í Hjartagarðinum

„Ég og nokkrir vinir mínir, sem allir eru með fingurna í tónlistinni, ákváðum að koma saman og skipuleggja einhverja sumarskemmtun, svona áður en sumarið er alveg hlaupið frá manni,“ segir Andri Már Arnlaugsson, einn skipuleggjenda Summerbeatz sem er nafnið á tónleikum sem haldnir verða í Hjartagarðinum á Hljómalindarreitnum á laugardag. Í hópi þeirra sem munu skemmta gestum eru meðal annars Beatmakin Troopa, Kidrama, 7berg, Ómar Ómar og AnDre, en auk þeirra verða þrír vegglistamenn að störfum yfir daginn. Þó að veðurspáin sé ekki sú besta þá segist Andri ekki áhyggjufullur. „Við vorum búnir að ræða þetta við Ingó og Veðurguðina og þeir ætla að redda þessu. Það er ekkert varið í að halda innitónleika á sumrin,“ segir Andri. Tónleikarnir hefjast klukkan 14 á laugardag og vara eitthvað fram á kvöld og að sögn Andra verður stemningin sumarleg og fjölskylduvæn. „Við ætlum að spila djass, hipphopp, dubb og reggí og hafa þetta fjölskylduvænt þannig að barnafólk geti líka mætt. Þetta á bara að vera góður sumardagur sem fólk á að eyða með fjölskyldu og vinum. Hjartagarðurinn er líka skemmtilegur staður til að hittast og hanga á, Austurvöllurinn var orðinn svolítið þreyttur.“ **- sm**



**TÓNLEIKAR Í HJARTA BORGARINNAR** Tónlistarmaðurinn Pan Thorarensen er á meðal þeirra sem koma fram á sumartónleikunum.


ÚTSALA
40% afsláttur
af öllum vörum
Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934
Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com



# Hágæða mynd frá Svíum

Karlar sem hata konur, eða Män som hatar kvinnor eins og hún heitir á sænsku er fyrsta kvikmyndin byggð á bókaþríleiknum Millennium eftir Stieg Larsson. Bækurnar hafa farið eins og eldur í sinu um Skandinavíu síðastliðin ár og hlaut að koma að því að þær yrðu festar á filmu. Allar þrjár myndirnar voru kvikmyndaðar á sama tíma, og samkvæmt áætlun útgefenda verða þær gefnar út með skömmu millibili næsta árið.

Í Karlar sem hata konur er blaðamaðurinn Mikael Blomkvist, einn eigenda tímaritsins Millennium, dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir meiðyrði. Skömmu eftir réttarhöldin nálgast eldri maður hann í þeirri von að Mikael geti aðstoðað hann varðandi frænku sína, sem hafði horfið rúmum fjörutíu árum áður. Áður en langt um líður er Mikael kominn á bólakaf í grunsamlegt brotthvarf stelpunnar og lítur allt út fyrir að einhver í fjölskyldunni beri ábyrgð á hvarfi hennar. Meðfram þessu fylgjast áhorfendur með tölvuþrjótinum Lisbeth Salander sem réttir Mikael hjálparhönd.

**KVIKMYNDIR**

**Karlar sem hata konur**

Leikstjóri: Niels Arden Oplev.

Aðalhlutverk: Michael Nyqvist, Noomi Rapace.

★★★★

Það er ekki að ástæðulausu að þetta er vinsælasta mynd ársins á Norðurlöndunum.

Atburðarásin í myndinni tekur sinn tíma, og þá sérstaklega kynningin á aðalpersónunum tveimur. Það fer ekki á milli mála að verið er að byggja upp það sem koma skal í næstu myndum. Aðstandendur fá mikið hrós fyrir að ganga skrefinu lengra í nokkrum atriðum, lengra en maður hefði haldið að myndin myndi leiða mann. Söguþráðurinn heldur manni við efnið og þar leynast fléttur sem koma á óvart. Ef það er eitthvað sem hægt er að setja út á handritið, er hversu oft myndin endar.

Leikstjórn Niels Arden Oplev er afar vönduð, og í raun má segja það um framleiðsluna í heild. Í einni ákveðinni senu hefði Oplev getað misst einbeitinguna og leitt áhorfendur mun lengra, en hélt rétt á spilunum. Aðalpersónurnar tvær, leiknar af Michael Nyqvist og Noomi Rapace, sýna góðan leik og er samleikur þeirra sannfærandi. Er Rapace sérstaklega yfirveguð í þungu og erfiðu hlutverki.

Karlar sem hata konur lofar afar fyrir góðu það sem koma skal í Millennium-þríleiknum og verður spennandi að sjá hvert áhorfendur verða leiddir í næstu mynd.

**Vignir Jón Vignisson**











FORSÝND Í KVÖLD
SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS
BÓNORÐIÐ
"THE PROPOSAL"
HERE COMES THE BRIBE...

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 tryggðu þér miða í tíma! kl. 1 - 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10:10 - 11:10D | | 10 |
| HARRY POTTER 6 kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | örfá sæti laus | VIP |
| BRUNO kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10:10 - 10:30 | | 14 |
| PROPOSAL (BÓNORÐIÐ) kl. 8 (FORSÝND) | | L |
| THE HANGOVER kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | | 12 |
| TRANSFORMERS 2 kl. 2 - 5 | | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2D - 3D - 5D - 8D - 10D - 11:10D | 10 |
| FIGHTING | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| BRUNO | kl. 6D - 8:15D | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 1:50 - 3:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PROPOSAL (BÓNORÐIÐ) | kl. 8 (FORSÝND) | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| BRUNO | kl. 6 - 10 | 14 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 10.10 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER - POWER | kl. 2, 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER´S KEEPER | kl. 4.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |
| GULLBRÁ | kl. 2 | L |

FORSÝNINGAR ALLA HELGINA

SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS

BÓNORÐIÐ

ANDREW ÞOLIR EKKI YFIRMANN SINN EN TIL AÐ FÁ STÖÐUHÆKKUN...
...ÞARF HANN AÐ TAKA BÓNORÐI YFIRMANSINS

"THE PROPOSAL"
HERE COMES THE BRIBE...



RIOTOUSLY FUNNY!
„THE PROPOSAL IS WITHOUT QUESTION THE YEAR'S BEST COMEDY
– P.H. HOLLYWOOD.COM

HYSTERICAL!
Sandra Bullock and Ryan Reynolds are A MATCH MADE IN COMEDY HEAVEN!
- S.M. Access Hollywood

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA
Á MIDI.IS EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA

SAMbio.is SAMBÍÓIN SAMFILM



**TAPAÐ/FUNDIÐ** Kristjan hefur endurheimt tölvuna sína sem var rænt um helgina.

# Fékk tölvuna sína aftur

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudaginn var að tölvu listamannsins Kristjans Zaklynski hefði verið rænt. Kristjan var staddur á skyndibitastað í miðbæ Reykjavíkur um síðustu helgi þegar þjófurinn reif af honum tölvutösku sem hann hélt á.

Kristjan hefur nú endurheimt tölvuna og er að eigin sögn mjög þakklátur fyrir að hafa fengið gripinn aftur í hendurnar. Þjófurinn mun hafa séð að sér eftir frétt Fréttablaðsins og kom tölvunni til skila. „Ég er mjög ánægður með að hafa fengið tölvuna aftur og get nú tekið gleði mína á ný. Ég viðurkenni það alveg að ég var nokkuð niðurdreginn vegna stuldarins,“ segir Kristjan, en líkt og fróðir menn segja, þá er allt gott sem endar vel. - sm

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 24. júlí 2009**

### ➜ Tónlistarhátíð

**20.00** Söngtónleikar á Reykholtshátíð. **Auður Gunnarsdóttir** sópran flytur ljóð og aríur ásamt **Steinunni Birnu Ragnarsdóttur** píanóleikara.

### ➜ Tónlist

**12.00** Dagskrá um skopmyndasögupersónurnar og hrekkjalómana **Max og Moritz** verður á Tónlistarhlaðborði í Ketilhúsinu. Textar og myndir eftir Wilhlem Busch sýndar á tjaldi.

**17.00** Hljómsveitin **Amiina** spilar í Bláu kirkjunni, Seyðisfirði. Aðgangur ókeypis.

**18.00** Tvennir tónleikar með **Ásgeiri Pál Ágústssyni, Þorvaldi Kristni Þorvaldssyni** og **Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur** í Fáskrúðsfjarðarkirkju. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 20.00.

**21.00** Tónlistarmaðurinn, blaðamaðurinn og hugmyndasmiðurinn **Eiríkur Einarsson** heldur upp á útgáfu plötunnar Ég er með hugmynd á Café Rót.

**22.00** **Hinn íslenski Þursaflokkur** með tónleika á Græna hattinum, Akureyri

**23.00** Club Party með **Nutrasweet** á Deluxe í Keflavík.

### ➜ Myndlist

**17.00** Myndlistarsýningin **Dogville, Can't Hear my Eyes** verður formlega opnuð í Gallerí Sykur. Arna Óttarsdóttir og Erla Silfá Hordvik Þorgrímsdóttir eru höfundar innsetningarinnar.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


© Inter IKEA Systems B.V. 2009




ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

Opið alla daga 11-19 | Veitingastaður opinn 9:30-18:30 | www.IKEA.is

ÚTSALA

9. júlí - 1. ágúst

IKEA®

SPOT
BAR - BISTRO
BÆJARLIND - KÓPAVOGI






Give me sexy kvöld...
Haffi Haff, Elektra og Kiddi Bigfoot

## > Sigurður frá vegna krossbandaslits

Handboltamaðurinn efnilegi, Sigurður Ágústsson hjá FH, verður frá keppni í 6-9 mánuði vegna krossbandaslits í hné. Sigurður er línumaður en hann meiddist á æfingu með 19 ára landsliði Íslands í síðustu viku. Hann mun því missa af stórum hluta af næsta tímabili en hann fer í aðgerð í næsta mánuði. „Það þýðir ekkert að svekkja sig. Komin er upp ákveðin staða sem nauðsynlegt er að taka á og ég þarf bara að vera jákvæður, setja mér markmið og ná mér sem fyrst góðum aftur,“ sagði Sigurður í samtali við heimasíðu FH.



# sport

sport@frettabladid.is

**HÓLMAR ÖRN RÚNARSSON:** SKORAÐI SIGURMARK KEFLAVÍKUR Í BARÁTTULEIK Á MÓTI FYLKI Í GÆR

## *Það er mjög þægilegt að koma aftur í þetta lið*



Keflvíkingar eru til alls líklegir í Pepsi-deildinni eftir 1-0 sigur á Fylki í Keflavík. Heimavöllur liðsins hefur þegar skilað 19 stigum í hús og í gær hélt liðið hreinu í fyrsta sinn í langan tíma.

Hólmar Örn Rúnarsson meiddist illa í fyrri leiknum á móti Fylki en í gær var það hans mark sem skildi á milli liðanna og skilaði liðinu þremur stigum.

„Þetta var allt annað heldur en síðast á móti Fylki enda miklu skemmtilegra að vinna og koma heill út úr þessu,“ sagði Hólmar Örn Rúnarsson sem skoraði eina markið á 58. mínútu eftir að Guðmundur Steinarsson hafði ógnað skoti inn í teig en missti boltann til hans.

„Ég tók bara sjensinn inn í teig, Gummi missir boltann aðeins frá sér og ég stal honum af honum,“ sagði Hólmar sem var himinlifandi með að hafa náð í öll stigin.

„Við erum farnir að halda hreinu sem skiptir okkur miklu máli. Þetta er langt í frá að vera flottasti leikur sem við höfum spilað en það eru skemmtilegustu sigrarnir að fá ekki á sig mark og ná síðan að setja eitt,“ sagði Hólmar og bætti við:

„Fylkir er núna með 23 stig eins og við. Við eigum Val næst þannig að þetta verður hörkubarátta hjá þessum liðum að slást um annað sætið. Þetta er þvílíkt mikilvægur sigur því annars hefði Fylkir verið komið sex stigum yfir okkur og þá hefði verið erfitt að ná þeim aftur,“ segir Hólmar sem gengur vel að komast aftur af stað eftir meiðslin.

„Ég er kannski ekki að hlaupa alveg jafnmikið og ég er vanur en ég fer þetta meira á klókindum. Þetta kemur hægt og bítandi hjá mér,“ sagði Hólmar sem þarna lék sinn annan leik eftir meiðslin sem héldu honum frá í tvo mánuði.

„Það er mjög þægilegt að koma aftur inn í þetta lið. Ég þekki mitt hlutverk vel og ég er ekkert að gera meira heldur en ég get núna,“ sagði Hólmar.

### Stjarnan 4-1 Þróttur

Stjörnuvöllur, áhorf.: 770 — Þóroddur Hjaltalín (6)

*1-0 Ellert Hreinsson (14.)*
*2-0 Hafsteinn Rúnar Helgason (29.)*
*3-0 Tryggvi Bjarnason (36.)*
*4-0 Ellert Hreinsson (72.)*
*4-1 Haukur Páll Sigurðsson (78.)*
*5-1 Halldór Orri Björnsson (90.+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11-13 (9-6) |
| Varin skot | Bjarni 5 – Sindri 4 |
| Horn | 4-6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12-14 |
| Rangstöður | 0-0 |

| STJARN. 4–5–1 | | ÞRÓTTUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. | 7 | Sindri Snær Jensson | 5 |
| Guðni Rúnar Helgas. | 8 | Jón Jónsson | 6 |
| Tryggvi Bjarnason | 7 | Dusan Ivkovic | 4 |
| Daníel Laxdal | 7 | Dennis Danry | 4 |
| Hafsteinn Helgas. | 8 | Kristján Björns. | 3 |
| Jóhann Laxdal | 6 | Hallur Hallsson | 3 |
| (90., Sindri Sigurþ. | -) | Magnús Lúðsvíks. | 5 |
| *Halldór Björns. | 8 | (29., Andrés Vilhj. | 4) |
| Björn Pálsson | 6 | Rafn Haraldsson | 6 |
| Birgir Birgisson | 6 | Haukur Sigurðsson | 5 |
| (51., Andri Sigurj. | 5) | Samuel Malson | 4 |
| Arnar Már Björgv. | 7 | (73., Oddur Björns. | -) |
| (77., Magnús Björgv. | -) | Morten Smitdt | 6 |
| Ellert Hreinsson | 6 | | |

*Maður leiksins

Pepsi-deild karla:

## Öruggt hjá Stjörnunni

**FÓTBOLTI** Stjarnan lagði Þrótt örugglega, 5-1, á gervigrasinu í Garðabænum í Pepsi-deild karla í gærkvöld.

Heimamenn léku með sterkan vind í bakið í fyrri hálfleik og nýtti sér hann vel með þremur mörkum eftir föst leikatriði.

Stjarnan skoraði sex mörk í fyrri leik liðanna en lét sér fimm duga í gærkvöld en sigurinn var afar sanngjarn þótt Þróttarar hafi gert sitt besta til að laga stöðuna í síðari hálfleik. **-gmi**

# Framarar úr leik í Evrópu

**Framarar féllu úr leik í Evrópudeildinni þegar þeir töpuðu 2-0 fyrir tékkneska liðinu SK Sigma í síðari leik liðanna á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli í Tékklandi og vinnur Sigma því 3-1 samanlagt.**

**FÓTBOLTI** „Þetta eru vonbrigði, sérstaklega eftir góð úrslit í fyrri leiknum. Mér fannst við eiga fínan fyrri hálfleik og ég hafði góða tilfinningu fyrir þessu í hálfleik. Við vorum að fá hálffæri og fengum eitt gott færi, en þetta snýst um að setja mark og við hefðum þurft að nýta það sem við fengum. Eftir að þeir skoruðu svo strax í upphafi seinni hálfleik þá var á brattann að sækja,“ sagði Auðun Helgason, fyrirliði Framara, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gærkvöldi.

Framarar ætluðu greinilega að leggja áherslu á það að halda hreinu í gærkvöldi. Þeir spiluðu með fimm manna varnarlínu og fyrri hálfleikurinn spilaðist eins og þeir lögðu upp með. Lið Sigma var meira með boltann án þess þó að skapa sér mörg hættuleg tækifæri og Framarar voru ógnandi í skyndisóknum sínum.

Kristján Hauksson og Paul McShane voru báðir nálægt því að skora fyrir Framara og hættulegasta færi Sigma kom þegar Tomas Horava sýndi góð tilþrif í teignum en skaut framhjá. Hannes Þór Halldórsson í marki Fram átti góðan leik í gærkvöldi og sá við öðrum tilraunum leikmanna tékkneska liðsins og staðan í hálfleik því markalaus.

Það var hins vegar í upphafi síðari hálfleiks sem SK Sigma gerði út um leikinn. Strax á 47.mínútu skoraði Michael Hubnik með skalla eftir fyrirgjöf, en vörn Framara hefði átt að vera betur á verði í það skiptið. Framarar virtust missa trú á verkefninu eftir markið og þegar Rudolf Otepka skoraði annað mark Sigma á 58.mínútu var öll von úti fyrir Fram.

Eftir markið frá Otepka fjaraði leikurinn hægt og rólega út. Leikmenn Sigma héldu boltanum vel sín á milli og Framarar virtust búnir að gefast upp. Lítið markvert gerðist síðasta hálftímann og lokatölur 2-0 fyrir SK Sigma og ævintýri Framara í Evrópudeildinni þar með á enda.

Auðun sagði Framarana ekki hafa náð að nýta sér veikleika Sigma-liðsins. „Við vissum að þeir væru frekar slakir varnarlega en sterkir sóknarlega en við náðum ekki að nýta okkur það nógu vel. Svo eflast þeir eftir fyrra markið og þegar þeir komast í 2-0 er það kjaftshögg fyrir okkur. Við hefðum þurft að setja hann í fyrri hálfleik,“ sagði Auðun að lokum. **- sjj**




**VONBRIGÐI** Framarar náðu ekki að fylgja eftir góðum úrslitum úr fyrri leik sínum gegn sterku liði Sigma á Laugardalsvelli í gær og féllu úr keppni eftir 0-2 tap.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Keflavík 1-0 Fylkir

Sparisjóðsvöllur, áhorf.: óuppg. — Eyjólfur M. Kristins. (5)

*1-0 Hólmar Örn Rúnarsson (58.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–11 (5-6) |
| Varin skot | Lasse 6 – Fjalar 2 |
| Horn | 7-6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16-9 |
| Rangstöður | 6-2 |

| KEFLAV. 4–4–2 | | FYLKIR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Lasse Jörgensen | 7 | Fjalar Þorgeirsson | 6 |
| Guðjón Antoníus. | 6 | Andrés Már Jóh. | 6 |
| Bjarni Hólm Aðalst. | 6 | Kristján Valdimars. | 5 |
| *Alen Sutej | 7 | Ólafur Stígsson | 6 |
| Brynjar Guðmunds. | 6 | Þórir Hannesson | 5 |
| Magnús Þorsteins. | 4 | (40., Kjartan Andri | 6) |
| Jón Gunnar Eyst. | 5 | Ásgeir Ásgeirsson | 6 |
| Hólmar Örn Rúnars. | 7 | Valur Fannar Gíslas. | 6 |
| (86., Einar Orri Ein. | -) | Halldór Hilmisson | 4 |
| Símun Samúelsen | 6 | (69., Theódór Ósk. | 5) |
| Haukur Ingi Guðnas. | 6 | Kjartan Breiðdal | 5 |
| (69., Jóhann Birnir | 6) | Albert Ingason | 3 |
| Guðmundur Steinars. | 7 | (72., Pape Faye | -) |
| | | Ingimundur Óskars. | 5 |

*Maður leiksins

## ÚRSLIT OG STAÐA

### *Pepsi-deild karla*

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Valur | 2-0 |

1-0 Illugi Gunnarsson (19.), 2-0 Gunnar Már Guðmundsson (39.)

| | |
|---|---|
| Breiðablik-ÍBV | 3-4 |

0-1 Ajay Smith (3.), 1-1 Kristinn Steindórs. (17.), 1-2 Christopher Clements (21.), 2-2 Guðmundur Pétursson (53.), 3-2 Guðmann Þórisson (72.), 3-3 Augustine Nsumba (82.), 3-4 Nsumba (84.).

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **13** | **11** | **1** | **1** | **37-10** | **34** |
| 2. KR | 13 | 7 | 3 | 3 | 25-17 | 24 |
| **3. Stjarnan** | **13** | **7** | **2** | **4** | **33-20** | **23** |
| 4. Fylkir | 13 | 7 | 2 | 4 | 22-14 | 23 |
| **5. Keflavík** | **13** | **6** | **5** | **2** | **23-19** | **23** |
| 6. Valur | 13 | 6 | 1 | 6 | 15-22 | 19 |
| **7. Fram** | **12** | **4** | **3** | **5** | **15-15** | **15** |
| **8. Breiðablik** | **13** | **4** | **3** | **6** | **19-25** | **15** |
| 9. Fjölnir | 13 | 3 | 2 | 8 | 16-25 | 11 |
| **10. Grindavík** | **12** | **3** | **2** | **7** | **15-26** | **11** |
| 11. ÍBV | 13 | 3 | 2 | 8 | 14-25 | 11 |
| **12. Þróttur** | **13** | **2** | **2** | **9** | **15-31** | **8** |

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Þór/KA-GRV | 7-0 |


# LAGERSALA

**Verslunarmiðstöðin. HOLTAGARÐAR**

## BESTU VERÐIN Í BÆNUM

**Blöndunartæki,**
**Eldhúsvaskar, Flísar,**
**Baðskápar, Baðspeglar**

**Mikið úrval af krókum handklæðaslám og fl.**

**LAGERSALAN EHF. HOLTAGÖRÐUM Sími: 894 1411 / 861-7540**





**SPILAÐI VEL** Valdís Þóra Jónsdóttir.

Fyrsti hringur hjá konunum:

## Valdís Þóra á eitt högg

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni frá Akranesi er í forystu í kvennaflokki á Íslandsmótinu í höggleik sem hófst í Grafarholti í gær.

Valdís Þóra lék holurnar átján á 74 höggum í dag eða þremur höggum yfir pari en hún hélt forustunni þrátt fyrir að tapa fjórum höggum á síðustu fjórum holunum. Í öðru sæti er Ásta Birna Magnúsdóttir úr Keili sem lék á 75 höggum.

„Ég er ánægð með spilið hjá mér fyrir utan síðustu fjórar holurnar. Ég var að spila mjög traust golf og þetta var mjög þægilegt hjá mér í dag því ég var ekki í neinum vandræðum,“ sagði Valdís Þóra sem segir síðustu fjórar holurnar geta verið erfiðar. „Það þarf að spila þessar síðustu holur rétt,“ segir Valdís Þóra sem var einu höggi undir pari eftir fyrstu fjórtán holurnar.

„Ég ætla að reyna að setja annan daginn svipað upp nema ekki fá þessa skolla í lokin. Þá ætti ég að vera í góðum málum. Þetta er samt mjög jafnt þannig að það getur allt gerst,“ sagði Valdís Þóra. **- óój**

## STAÐAN Í GOLFINU

### KARLAFLOKKUR

| | |
|---|---|
| 1. sæti Stefán Már Stefánsson GR, | 71 |
| 2-4. sæti Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR, | 72 |
| 2-4. sæti. Ólafur Björn Loftsson NK, | 72 |
| 2-4. sæti. Heiðar Davíð Bragason GR, | 72 |
| 5-6. sæti. Björgvin Sigurbergsson GK, | 73 |
| 5-6. sæti. Andri Þór Björnsson GR, | 73 |
| 7-8. sæti Guðmundur Rúnar Hallgrímsson GS, | 74 |
| 7-8. sæti Sigmundur Einar Másson GKG, | 74 |

### KVENNAFLOKKUR

| | |
|---|---|
| **1. Valdís Þóra Jónsdóttir, GL** | **74** |
| 2. Ásta Birna Magnúsdóttir, GK | 75 |
| **3. Ragna Björk Ólafsdóttir, GK** | **77** |
| 3. Eygló Myrra Óskarsdóttir, GO | 77 |
| **3. Helena Árnadóttir, GR** | **77** |
| 6. Tinna Jóhannsdóttir, GK | 78 |
| **6. Berglind Björnsdóttir, GR** | **78** |
| 6. Karen Sævarsdóttir; GO | 78 |
| **6. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR** | **78** |
| 6. Þórdís Geirsdóttir, GK | 78 |



**JAFNT** Það er mjótt á mununum hjá efstu kylfingum í karlaflokki.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslandsmótið í höggleik:

## Stefán Már leiðir

**GOLF** Stefán Már Stefánsson úr Golfklúbbi Reykjavíkur leiðir eftir fyrsta keppnisdag í karlaflokki á Íslandsmótinu í höggleik á Grafarholtsvelli.

Stefán Már lék fyrsta hringinn á pari vallarins, eða 71 höggi. Guðmundur Ágúst Kristjánsson, Ólafur Björn Loftsson og Heiðar Davíð Bragason fylgja honum þó fast eftir á 72 höggum hver. **- óþ**

KR komst áfram eftir 1-1 jafntefli gegn Larissa í gær:

# Frábær árangur KR

**FÓTBOLTI** KR-ingar gerðu sér lítið fyrir og nældu í 1-1 jafntefli gegn Larissa í Grikklandi í gær og unnu einvígið samanlagt 3-1. KR-ingar mæta Basel frá Sviss í næstu umferð Evrópudeildar UEFA.

„Það var gríðarlega erfitt að spila í 35 stiga hita en við sýndum frábæran karakter. Þetta var gríðarlega ljúft og það er frábært að skilja við KR-inga eftir þennan leik,“ segir fyrirliðinn Jónas Guðni Sævarsson sem var að spila sinn síðasta leik fyrir KR. Jónas Guðni heldur nú til Svíþjóðar þar sem hann mun spila með Halmstad.

„Það er yndislegt að skilja við KR með þessum hætti og ég kveð félagið með söknuði. Ég vona bara að KR komist í riðilinn og kaupi mig þá til baka frá Halmstad,“ segir Jónas Guðni léttur í bragði í leikslok í gær.

Leikmenn Larissa komust yfir eftir hálftímaleik í gær og voru sterkari aðilinn í fyrri hálfleik en staðan var enn 1-0 þegar flautað var til hálfleiks. KR-ingar komu sterkir inn í seinni hálfleikinn og náðu að jafna á 75. mínútu. Grétar Sigfinnur Sigurðsson skoraði þá eftir hornspyrnu og eftir jöfnunarmarkið voru KR-ingar með þetta í hendi sér og leikurinn endaði sem segir 1-1. Glæsileg úrslit fyrir KR og íslenskan fótbolta. **- óþ**



**SÍÐASTI LEIKURINN** Jónas Guðni Sævarsson lék sinn síðasta leik með KR í gær, í bili að minnsta kosti. Hann heldur nú til Halmstad í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## > John Travolta

„Ég var að hugsa um James Dean og Marilyn Monroe og hversu ung þau voru þegar þau létust. Ég vil vera fyrirmynd sem lifir af. Ég vil vera lifandi fyrirmynd.“

***John Travolta fer með annað aðalhlutverkið í söngvamyndinni Grease á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON ÞOLIR EKKI VÆMNINA Í BRÆÐRUM OG SYSTRUM

# *Systkinahópurinn sem stökk í sundlaugina*

Þar sem ég húki inni á skrifstofu á daginn þá hef ég reynt að vera dugleg við að sleikja síðustu sólargeislana að vinnu lokinni og því ekki gefið mér tíma til að horfa mikið á sjónvarp. Nú er sólin aftur á móti farin og spáin næstu daga lofar ekki góðu. Ég hef því ákveðið að nú sé kominn tími til að eyða eins og einni kvöldstund algjörlega ein með sjálfri mér (og kettinum) og koma mér vel fyrir í sófanum og horfa á sjónvarp. Það er bara einn hængur á! Mér finnst bandaríski þátturinn Bræður og systur alveg sjúklega leiðinlegur (en þessi pistill er skrifaður á fimmtudegi og þátturinn er á dagskrá Sjónvarpsins á fimmtudagskvöldum). Almennt finnst mér dagskráin (á þeim sjónvarpsstöðvum sem ég næ) ekkert sérstaklega skemmtileg á fimmtudögum, en Bræður og systur slá öll met. Mér finnst þátturinn, sem fjallar um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti, það leiðinlegur að ég hef aldrei setið yfir heilum þætti. Það litla sem ég hef séð virðist vera yfirfullt af væmni, gráti og gnístran tanna, hópfaðmlögum og hlæjandi systkinahóp stökkvandi út í sundlaugar – í öllum fötunum.



Þetta er þriðja þáttaröðin af Bræðrum og systrum sem Sjónvarpið sýnir og persónulega finnst mér það þremur þáttaröðum of mikið. Best hefði verið ef systkinahópurinn hlæjandi hefði ekki náð aftur upp á yfirborðið eftir að hafa stokkið ofan í sundlaugina – í öllum fötunum.

Það er fullt af skemmtilegu sjónvarpsefni til sem hægt væri að sýna í stað Bræðra og systra. Ef það er spurning um fjármagn mætti þá ekki bara klípa örlítið af launum útvarpsstjóra sem samsvarar þeirri upphæð sem upp á vantar?

## FÖSTUDAGUR



▶ 18.00 Helgarsportið SJÓNVARPIÐ



▶ 20.00 Grease STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 21.00 Stelpurnar STÖÐ 2



▶ 22.05 The Mentalist STÖÐ 2 EXTRA



▶ 22.20 The Dudesons SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)

**16.15 Leiðarljós** (e)

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Bjargvætturin** (1:26)(Captain Flamingo, Year 1)

**17.35 Snillingarnir** (Little Einsteins)

▶**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur með nýju sniði þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Popppunktur** (múm - Árstíðir) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita.

**20.40 Ríkasti köttur í heimi** (The Richest Cat in the World) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Leó er talandi köttur sem erfir fúlgur fjár eftir eiganda sinn en óprúttið fólk vill komast yfir peningana. Leikstjóri er Greg Beeman og meðal leikenda eru Ramon Bieri, Steven Kampmann og Caroline McWilliams.

**22.05 Lafði Chatterley** (Lady Chatterley) Frönsk bíómynd frá 2006 byggð á seinni og minna þekktri útgáfu D.H. Lawrence af sögunni um lafði Chatterley og elskhuga hennar. Leikstjóri er Pascale Ferran og meðal leikenda eru Marina Hands, Jean-Louis Coulloc'h og Hippolyte Girardot. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Beethoven's 2nd**

**10.00 Pokemon**

**12.00 Grease**

**14.00 Nacho Libre**

**16.00 Beethoven's 2nd**

**18.00 Pokemon**

▶**20.00 Grease** Hér segir af töffaranum Danny Zuko og hinni feimnu Sandy Dee. Hann er harður í horn að taka en hún ljúf.

**22.00 Devil's Diary**

**00.00 Employee of the Month**

**02.00 The Bone Collector**

**04.00 Devil's Diary**

**06.00 Betrayed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli Kanína og vinir

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (15:26)

**10.00 Doctors** (16:26)

**10.30 Jamie At Home** (3:13)

**11.00 Hæðin** (8:9)

**11.50 Gossip Girl** (12:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (240:260)

**13.25 Wings of Love** (109:120)

**14.10 Wings of Love** (110:120)

**14.55 Wings of Love** (111:120)

**15.55 Barnaefni:** Saddle Club, Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (9:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (5:22) Sautjánda og nýjasta þáttaröð þessa langlífasta gamanþáttar í bandarísku sjónvarpi í dag.

**19.45 Two and a Half Men** (13:19)

**20.10 Total Wipeout** (9:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og sjórnandinn er Richard Hammond.

▶**21.00 Stelpurnar** (9:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum.

**21.25 I Love You to Death** Kevin Kline leikur strangkaþólskan pítsugerðarmann, sem hefur haldið framhjá trúgjarnri eiginkonu sinni í áraraðir. Þegar hún kemst að því sér hún sig tilneydda til að drepa hann því ekki getur hún skilið við hann.

**23.00 Underworld. Evolution** Ævintýrahasarmynd um hið eilífa stríð á milli vampíra og varúlfa og segir frá aldagömlu upphafi þess.

**00.45 Die Hard**

**02.55 The Omen**

**04.45 Total Wipeout** (9:9)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - Þróttur**

**16.45 Stjarnan - Þróttur** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**18.35 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**19.35 Inside the PGA Tour 2009**

**20.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**20.30 Ungverjaland** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Ungverjalandi.

**21.00 Orlando - LA Lakers** Útsending frá leik Orlando og Lakers í úrslitarimmunni í NBA.

**22.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris "Jesus" Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

**23.35 Poker After Dark**

**00.20 Red, White & Bruised**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.10 Celtic - Al Ahly** Bein útsending frá vináttuleik Celtic og Al Ahly í Wembley Cup.

**18.20 Tottenham - Chelsea, 2001** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**18.55 Tottenham - Barcelona** Bein útsending frá Wembley Cup þar sem mætast Tottenham og Barcelona.

**21.05 Premier League World 2009/10** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**21.35 Tottenham - Leicester, 2003** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.10 Tottenham - Barcelona** Útsending frá leik Tottenham og Barcelona á Wembley Cup.

**23.55 Chelsea - AC Milan** Bein útsending frá leik Chelsea og AC Milan í World Football Challenge mótinu.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi Max TV**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi Max TV**

**18.05 Rachael Ray**

**18.50 What I Like About You** 10:24) (e)

**19.15 Monitor** (5:8) (e) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor.

**19.45 America's Funniest Home Videos** (4:48)

**20.10 Greatest American Dog** (7:10)

**21.00 Battlestar Galactica** (15:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills.

**21.50 Dr. Steve-O** (3:7) Steve-O úr Jackass tekur að sér að „lækna“ skræfur, lúða og letingja og reynir að bjarga þeim frá glötun.

▶**22.20 The Dudesons** (3:8) Skemmtileg þáttaröð með fjórum finnskum ofurhugum sem framkvæma ótúlegustu hluti. Þessir mögnuðu rugludallar hræðast ekki neitt og og leggja líf sitt og limi í hættu til að skemmta sjálfum sér og áhorfendum. Þessir þættir hafa farið sigurför um heiminn og hafa verið sýndir í meira en 20 löndum.

**22.50 World Cup of Pool 2008** (9:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.

**23.40 CSI: Miami (11:21) (e)**

**00.30 The Dead Zone (6:13) (e)**

**01.20 Home James (3:10) (e)**

**01.50 Penn & Teller: Bullshit (25:59) (e)**

**02.20 Penn & Teller: Bullshit (26:59) (e)**

**02.50 Pepsi Max TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**21.00 Reykjavík – Akureyri/Akureyri – Reykjavík, Seinni hluti** Opinber heimsókn ÍNN í höfuðstað norðurlands. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson

**21.30 Græðlingur** Umsjón: Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðings

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SPOT
BAR - BISTRO
BÆJARLIND - KÓPAVOGI
Eldhúsið opnar í kvöld kl. 18.00
Léttur og girnilegur matseðill í glæsilegu umhverfi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Total Wipeout



Einn allra stærsti og óvæntasti smellurinn í íslensku sjónvarpi á liðnum vetri er skemmtiþátturinn Wipeout. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvisti sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og stjórnandinn er enginn annar en Richard Hammond, sá ungi og hressi í Top Gear.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Popppunktur
### Sjónvarpið kl. 19.35

Þeir Felix Bergsson og Dr. Gunni eru mættir á ný eftir langt hlé með nýja seríu af Popppunkti. Þættirnir sáust fyrst á Skjáeinum árið 2002 og nutu mikillar hylli. Í þáttunum takast íslenskar hljómsveitir á í æsandi spurningaleik, þar sem gáfur og viska, ásamt snerpu, atgervi og heppni ráða niðurstöðunni – já og tónlistarhæfileikar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með Ellen Kristjánsdóttur
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Meistarar í Moskvu
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Djassveisla í 20 ár
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (239:260)
**17.15 Hollyoaks** (240:260)
**17.40 The Sopranos** (22:26)
**18.25 Big Day** (8:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**18.45 Hollyoaks** (239:260)
**19.15 Hollyoaks** (240:260)
**19.40 The Sopranos** (22:26) Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.
**20.25 Big Day** (8:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 The Loop** (7:10) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en líf hans verður oft ansi óviðráðanlegt þar sem yfirmaður hans er brjálæðingur og gerir óeðlilegar kröfur til hans í vinnunni.
▶ **22.05 The Mentalist** (23:23) Patrick Jane á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**22.50 Eleventh Hour** (2:18) Söguhetjan er dr. Jacob Hood eðlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða þegar jafnvel er talið að þau séu af yfirnáttúrlegum toga. Þættirnir eru í anda C.S.I, Fringe og Numbers.
**23.35 The Loop** (7:10)
**00.00 Fréttir Stöðvar 2**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** Blackadder Goes Forth **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** Blackadder Goes Forth **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Only Fools and Horses **16.45** Any Dream Will Do **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Only Fools and Horses **20.30** Absolutely Fabulous **21.00** Coupling **21.25** Little Britain **21.55** Any Dream Will Do **23.10** Coupling **23.45** Little Britain

## DR 1

**10.35** En Kongelig Familie **11.30** Kender du typen? **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Pelle gris tager vestpå **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Royal ,08 **19.00** TV Avisen **19.30** SommerVejret **19.40** Aftentour 2009 **20.00** 8mm **22.00** Columbo

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.40** A prairie home companion **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Eddy og bjørnen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Tøfferud **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lollipop **17.55** Tre kongelige dager **18.20** Vi var i alle fall heldige med været **19.20** Taggart **20.30** Jorda rundt med litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.10** Classic Albums **23.05** 20 spørsmål **23.30** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Vildmark fiske **10.35** AnneMat **11.05** Friidrottskväll **12.50** 100 procent bonde **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Packat & klart sommar **15.25** Mitt i naturen **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** The Wedding Crashers **21.05** Fritt fall **21.35** Sök **23.10** Sändningar från SVT24




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Í hádeginu finnst mér best að koma við í Hressingarskálanum til að fá mér bita en American Style verður oft fyrir valinu á kvöldin.“*

Andri Már Birgisson freestyle-línuskautari.

# Millenium-þríleikurinn allur gefinn út í ár

„Hún Halla Kjartansdóttir þýðandi setti önnur verkefni til hliðar, tók sér frí frá kennslu, og hefur setið sveitt við að þýða bækurnar. Bók númer tvö kemur út um miðjan september og þriðja og síðasta um miðjan nóvember,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá bókaútgáfunni Bjarti.

Bjartsmenn eru glúrnir að hitta naglann á höfuðið eins og sýndi sig þegar þeir tryggðu sér réttinn á Harry Potter-bókunum. Og þeir náðu að festa öngla sína í hinn gríðarvinsæla Millenium-þríleik eftir Stieg Larsson. Til stóð að gefa eina bók út á ári. En þegar samningar náðust milli Senu og sænskra framleiðenda um að dreifa myndum sem byggja á bókunum hér – útgáfusamningurinn er miklum mun dýrari en gengur og gerist – var ákveðið að drífa í að þýða framhald bókarinnar Karlar sem hata konur yfir á íslensku strax í haust.

„Já, fyrst myndirnar eru allar að koma – og vegna fjölda áskorana; Við fáum símtöl og skeyti að minnsta kosti daglega frá fólki sem spyr um framhaldsbækurnar. Við heyrðum til dæmis af manni sem aldrei hefur til Noregs komið sem er að stauta sig í gegnum bækurnar á norsku til þess að fá framhaldið. Maður verður háður þessum sögum. Þá ákváðum við að svara kallinu – það væri ekki eftir neinu að bíða,“ segir Guðrún. **- jbg**



**GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR** Til stóð að gefa aðeins bók númer tvö út í haust og númer þrjú að ári en nú situr Halla Kjartansdóttir sveitt við að þýða því báðar koma þær út á íslensku í haust.



**STIEG LARSSON** Hittir svo í mark með bókum sínum að íslenskir lesendur eru farnir að stauta sig í gegnum þær á norsku.



**LÁRÉTT**
**2.** svanur, **6.** frá, **8.** sægur, **9.** útdeildi, **11.** óreiða, **12.** traðk, **14.** miklu, **16.** kallorð, **17.** sönghús, **18.** skammstöfun, **20.** skammstöfun, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sett, **3.** 950, **4.** undirbúningspróf, **5.** traust, **7.** pest, **10.** flík, **13.** blundur, **15.** gefa frá sér reiðihljóð, **16.** húðpoki, **19.** hætta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** álft, **6.** af, **8.** mor, **9.** gaf, **11.** rú, **12.** tramp, **14.** stóru, **16.** hó, **17.** kór, **18.** etv, **20.** fr, **21.** stál.
**LÓÐRÉTT: 1.** lagt, **3.** lm, **4.** forpróf, **5.** trú, **7.** farsótt, **10.** fat, **13.** mók, **15.** urra, **16.** hes, **19.** vá.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 17.200 krónur.
2. Einar Bárðarson.
3. Sigma.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON: STEND Á ÖXLUM RISA Í GETTU BETUR

# Nýtt andlit í dómarastétt

„Já, samkvæmt bestu meðmælum Stefáns Pálssonar aðstoðardómara og Davíðs Þórs Jónssonar og fleiri góðra manna, hef ég ráðið mann sem heitir Örn Úlfar Sævarsson. Mikið spurninganörd,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri á Ríkissjónvarpinu.

Ný sjónvarpsstjarna verður kynnt þegar hinn gríðarlega vinsæli Gettu betur-spurningaþáttur hefst fljótlega eftir áramót. Örn Úlfar verður nýr dómari og spurningahöfundur. Eva María Jónsdóttir verður áfram spyrill og stigavörður Ásgeir Erlendsson. Þórhallur segir Örn Úlfar öflugan mann, íslenskufræðing sem hefur meðal annars gert það gott í Pöbbaquiz-i á Grand Rokki. „Já, hann hefur farið með nokkra bjórkassa þaðan. Ég treysti honum vel til að standa undir þeim kröfum og þeim hremmingum sem dómari í Gettu betur þarf að ganga í gegnum og hann nýtur vonandi góðs stuðnings Stefáns og Davíðs Þórs. Hann er reyndar með eina kröfu sem er óvenjuleg. Hann vill vera í dómaraskikkju og jafnvel vera með hamar,“ segir Þórhallur. En af þeim sem hann hefur rætt við í tengslum við þetta verkefni leist honum best á Örn Úlfar sem sjálfur dregur ekki úr því að hann sé að henda sér í djúpu laugina. Segir þá sem lifa og hrærast í Gettu betur-heimi hafa litla sem enga þolinmæði fyrir mistökum eins og fjölmörg dæmi sýni og sanni.

„Þetta er djúp laug og miskunnarlaus heimur,“ segir Örn Úlfar og útskýrir að því sé betra að hafa við höndina dómarahamar ef hann þarf að hafa hemil á æstum menntskælingum. Sjálfur er hann úr MR, handhafa hljóðnemans, en starfar sem hugmynda- og textagerðarmaður á auglýsingastofunni Fíton. Og er spurninganörd. „Já, ég hef gaman af þessu og hef alltaf haft,“ segir hann og staðfestir orð Þórhalls hvað varðar framgöngu í Drekktu betur-keppni Grand Rokks. „Mér hefur gengið ágætlega þar, með góðum mönnum. Konunni minni til dæmis sem eykur breiddina. Verst hvað það stendur lítið eftir af verðlaununum. Þessi bjór hefur tilhneigingu til að hverfa. Væri kannski betra að fá bikar en það er í fínni spurningakeppnum.“ Hvað varðar hina einkennilegu kröfu um að klæðast dómaraskikkju segir Örn Úlfar að það sé ekki verra að setja sitt mark á hið virðulega embætti. „Ég er að feta í fótspor hvers snillingsins á fætur öðrum. Stend á öxlum risa. En það hefur verið losarabragur á klæðaburðinum. Skrítið að mismuna dómurum? Þeir eru alltaf í skikkjum eða einhvers konar einkennisbúningi. Að vera með hárkollu líka? Nei, er það ekki of mikið skrípó?“ **jakob@frettabladid.is**




**ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON** Nýr dómari og spurningahöfundur í Gettu betur hefur sett fram þá einkennilegu kröfu að fá að klæðast dómaraskikkju á skjánum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Fjöldi íslenskra leikara var meðal gesta í brúðkaupi **Söru Marti Guðmundsdóttur** og Tobiasar Munthe á dögunum. Brúðkaupið var haldið í Frakklandi og þótti hið glæsilegasta. Íslensku gestirnir hafa eflaust rekið upp stór augu þegar Helena Bonham Carter og Tim Burton mættu á svæðið. Af myndum að dæma voru þau hin kátustu og sést stórleikkonan dansa við hlið Söru í veislunni.



**Gunnar Björn Guðmundsson** leikstjóri mun stýra Áramótaskaupinu næsta. En margur maðurinn, til dæmis Sigurjón Kjartansson sem hefur sérhæft sig í handritagerð fyrir sjónvarp og vill veg handritsgerðar meiri, er ekki síður forvitinn um hverjir verða handritshöfundar eða skilvitbentar spaugsins. Ekki hefur verið gengið frá því hverjir mynda fjögurra til sex manna teymi sem skrifar – sumir sem til greina koma vita það ekki einu sinni sjálfir.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að lögblindir greiði ekki fullan nefskatt RÚV og kom fram að **Katrín Jakobsdóttir** menntamálaráðherra hefði á því fullan skilning að Halldóri Sævari Guðbergssyni, formanni ÖBÍ, þyki þetta afar ósanngjarnt gagnvart heyrnarskertum og lögblindum. Lýsir þetta undarlegum skilningi á hlutverki skatta og almannafjár, því skattfé rennur sannarlega ekki eingöngu til þess sem hver og einn skattgreiðandi nýtir sér. Virðist Katrín þarna skoðanasystir Heimdellinga – nema hún vilji létta undir með Helga Hjörvar, samherja í stjórnarliðinu og framkvæmdastjóra Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar á árunum 1994-1998. **-kbs, jbg**



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
LÚÐUSNEIÐAR
SKÖTUSELUR OG LAXAFLÖK
AÐEINS 1790 KR/KG
Tilboðið gildir aðeins í dag
Veljum íslenskt
opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

# Berst gegn ESB með bolum

„Þetta byrjaði eiginlega fyrir tilviljun,“ segir Pétur Reynisson, bolahönnuður BV bola. „Ég ákvað einn daginn á blogginu mínu að setja inn eina fíflafærslu og bjó til grínmynd sem ekki var eiginleg bolahönnun, heldur bara tilbúin mynd af bol.“ Sú mynd var af fýlukalli og með orðunum: Ég tók stórasta lán í heimi, óumbeðinn. „Svo allt í einu byrja ég að fá tölvupósta og komment þar sem fólk vildi fá að kaupa bolinn.“

Í kjölfarið fór Pétur að hanna boli, marga mjög pólitíska, og selja þá á bvbolir.is. Margir bolanna eru um Icesave og ESB. „Það má segja að mínar pólitísku skoðanir komi fram í gegnum þá boli. Þótt þetta sé í gríni gert þá er ákveðinn undirtónn í þeim sem ég tek fulla ábyrgð á. Boðskapurinn í þessum bolum endurspeglar líðan margra, álit margra.“

Bolirnir eru seldir á Akureyri í Saller búðinni en Pétur leitar nú til búða í Reykjavík. Auk þessara pólitísku hannar hann einfalda og fallega boli fyrir karlmenn og er að undirbúa línu fyrir börn og konur. **- kbs**




**HARÐUR Á MÓTI** Pétur tekur sterka afstöðu gegn ESB með bolum sínum. Bolir hans eru seldir á Akureyri og á netinu.


MICHAEL NYQVIST
NOOMI RAPACÉ
PETER HABER
"Karlar sem hata konur er hrein snilld,
maður getur varla beðið eftir framhaldinu."
S.V. MBL
-V.J.V., FBL
„Fantagóð, kuldaleg sænsk glæpahrollvekja...Saga sem rífur mann í sig. Krimmi sem vekur mann til umhugsunar. Myndin gefur bókinni ekkert eftir"
F. E. Morgunvaktin á Rás 2
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
KARLAR SEM HATA KONUR
"...ótrúlega vel unnin, vel leikin, spennandi... brjáluð meðmæli."
T.V. kvikmyndir.is
"Þrælvelheppnuð yfirfærsla viðburðaríkrar og magnaðrar glæpasögu á hvíta tjaldið. Varla hægt að gera þetta betur...áleitin og ögrandi spennumynd.
Þ.Þ DV
„Hágæða mystería - pottþétt handrit – frábær mynd"
D.Ö.J. kvikmyndir.com
KOMIN Í BÍÓ!
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
REGNBOGINN
BORGARBÍÓ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

## *Ég vildi að það væri góðæri*

Ég græt stundum góðærið. Þótt það þyki ekki flott. Enda keppist fólk nú við að fordæma bruðlið og vitleysisganginn sem heltók okkur öll fyrir svo stuttu síðan. „Uss, ég keypti nú engan flatskjá,“ segir það, og þykist eitthvað betra en við hin. Auðvitað skammast ég mín fyrir flatskjáinn á eldhúsveggnum, ég fæst þó ekki til að viðurkenna að hann einn hafi sett samfélagið á hliðina.

**ÉG VILDI** að það væri enn þá góðæri. Þegar ég rifja upp liðna tíma þegar peningarnir virtust spretta á trjánum, man ég eftir hlutum sem ég ætlaði að framkvæma en kom bara ekki í verk. Hélt sjálfsagt að góðærið myndi endast að eilífu. Ég ætlaði til dæmis alltaf að kaupa efri skápa í eldhúsið við tækifæri, en það verður varla úr þessu. Innréttingaverslunin er farin á hausinn og einhver nytjamarkaðurinn sprottinn upp í húsnæði verslunarinnar.

**ÉG ÆTLAÐI** líka alltaf að fá einhvern til að koma og þrífa og laga til heima hjá mér einu sinni í viku, eins og fínu frúrnar. Þá ætlaði ég að halda glæsileg matarboð í skínandi hreina húsinu mínu og bjóða gestum. Sennilega verður einhver bið á að gestirnir mínir komi í hreint hús. Eins ætlaði ég að ferðast svo mikið til útlanda. Þvælast um stórborgir, drekka latte á hverju götuhorni og borða úti. Nú hefur kaffifrappóinn, sem mér þykir svo góður, hækkað hátt í fimmhundruðkall. Ég græt það því að hafa ekki drukkið fleiri í góðærinu.

**ÉG VILDI** að ég hefði smíðað suðursvalir á húsið í góðærinu. Ég vildi að ég hefði keypt appelsínugulu espressóvélina sem mig langaði svo í. Ég vildi að ég hefði farið oftar í bíó, ég vildi að ég hefði keypt rosalega marga hælaskó. Ég vildi að einhver hefði opnað kaffihús í Hlíðunum í góðærinu og seldi frappóinn á viðráðanlegu verði. Ég vildi að Miklabrautin hefði verið drifin í stokk í góðærinu. Ég vildi að hringvegurinn hefði verið tvöfaldaður í góðærinu. Ég vildi að það hefði verið lögð upphituð hraðbraut yfir Sprengisand í góðærinu!

**„USS,** hún ætti að skammast sín!“ fussar sjálfsagt einhver og hefur rétt fyrir sér. En ég græt þá bara góðærið í hljóði.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 24. júlí 2009, 205. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.09 | 13.34 | 22.57 |
| Akureyri | 3.32 | 13.19 | 23.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

